

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025

Greinargerð fjárhagsáætlunar



ÍSAFJARÐARBÆR





**GREINARGERÐ MEÐ
FJÁRHAGSÁÆTLUN
ÍSAFJARÐARBÆJAR 2025**



EFNISYFIRLIT

ALMENNAR FORSENDUR	1
Lagaumgjörð	1
Útsvar	1
Fasteignagjöld	2
Jöfnunarsjóður	4
VELFERÐARSVIÐ	6
Skrifstofa velferðarsviðs	6
Félagsleg aðstoð	6
Þjónusta við aldraða.....	9
Þjónusta við börn og unglinga.....	9
Þjónusta við fatlað fólk	11
Málefni fatlaðra.....	11
Ýmis félagsþjónusta	13
SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ	14
Skrifstofa skóla- og tómstundasviðs	14
Fræðslumál	14
Íþrótta- og æskulýðsmál.....	20
STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ	24
Sameiginlegur kostnaður	24
Framlög til b-hluta fyrirtækja.....	27
Lífeyrisskuldbindingar	27
Óvenjulegir liðir	27
Menningarmál	27
Atvinnu- og ferðamál	29
UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ.....	31
Hreinlætismál	31
Skipulags- og byggingarmál.....	31
Umferðar- og öryggismál.....	32
Umhverfismál	33

Eignasjóður	35
Þjónustumiðstöð — áhaldahús	37
Funi — fasteignir	38
Vatnsveita.....	38
Fráveita	40
Eyri	42
FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR	43
Rekstur fasteigna ísafjarðarbæjar	43
Viðhald	43
SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐARBÆJAR.....	45
Stöðugildi og launakostnaður.....	45
Rekstrarkostnaður	45
Slökkvilið	46
Sjúkraflutningar	47
Útköll	47
Slökkvitækjaþjónusta	47
Brunahanar og rekstur bifreiða	48
Almannavarnir og náttúruhamfarir	48
HAFNASJÓÐUR	49
Skemmtiferðaskip.....	49
Sjávarafli og afurðaverð	49
Tekjur hafnasjóðs	50
BYGGÐASAFN VESTFJARÐA.....	53
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD.....	55
SAMREKSTRAREININGAR	55
FJÁRFESTINGAR 2025-2028	56
VIÐHALD AÐALSJÓÐS	58
STÖÐUGILDI	60
ÁÆTLUN STYRKJA OG FRAMLAGA 2025.....	61
MARKMIÐ Í FJÁRMÁLUM	64

ALMENNAR FORSENDUR

LAGAUMGJÖRD


Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2025 er lögð fram og unnin samkvæmt fyrirmælum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#). Samkvæmt lögnum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða áætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, samkvæmt 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykka viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar er því eiginleg fjárveiting til rekstrar Ísafjarðarbæjar og ber að fylgja henni.

[Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995](#) með síðari breytingum eru meginlagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum og fleiru, allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Við áætlun útsvars Ísafjarðarbæjar er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga. Í grafi 1 má sjá áætlun útsvars fyrir árið 2024 og 2025 ásamt samanburði áætlunar við niðurstöðu hvers árs fyrir árin 2021 til 2023.



Graf 1: Útsvarsgreiðslur – samanburður áætlana og ársreiknings árin 2021-2025 í m.kr.

Í útkomuspá 2024 er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 7,2% milli ára 2023 og 2024. Lagt er til að útsvarsgreiðslur fyrir árið 2025 verði áætlaðar 3.240 m.kr. samanborið við 3.000 m.kr. í áætlun 2024, sjá nánar í grafi 1. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun íbúa í þessari áætlun en gert er ráð fyrir að staðgreiðsluskyldar tekjur hækki um 5,6%. Í áætlun 2025 er staðgreitt útsvar áætlað 3.239,5 m.kr., eftirgreitt útsvar áætlað 129 m.kr. og lækkanir og niðurfærsla áætluð 119 m.kr. Nánari þróun útsvarsstofns er í töflu 1.

	2021	2022	2023	2024á	2025á
Útsvarshlutfall	14,52%	14,52%	14,74%	14,97%	14,97%
Útsvarsstofn	19.410.137.190	20.981.212.879	22.344.991.716	24.925.065.396	26.320.869.059
Breyting % frá ár-1	6,2%	7,8%	6,5%	7,2%	5,6%
Álagt útsvar skv. álagningarskrá	2.818.351.920	3.046.472.110	3.293.651.779	3.731.282.290	3.940.234.098
Álagt útsvar, hluti Jöfnunarsjóðs	-341.618.415	-369.269.347	-442.430.836	-550.843.946	-581.691.206
Verðbætur, kostnaður, frádráttur	-113.466.515	-85.987.654	-100.000.000	-119.000.000	-119.000.000
Áætluð/skiluð staðgreiðsla ríkissjóður	2.378.619.756	2.593.423.901	2.700.000.000	3.061.438.345	3.239.542.892

Tafla 1: Þróun útsvars árin 2021-2025.

Í ársbyrjun 2023 voru íbúar sveitarfélagsins 3.730 og í ársbyrjun 2024 voru íbúarnir 3.797 sem er 1,8% fjölgun milli ára 2023 og 2024.

Samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar frá 18. september 2024 sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendir sveitarstjórnnum áætla Hagstofa Íslands 3,9% verðbólgu árið 2025 og Seðlabanki Íslands 4,2%. Því var notast við 4% áætlun verðbólgu sem forsendur við gerð fjárhagsáætlunar og gjaldskrárhækkanir taka mið af því. Launavísitöluhækkun er að sama skapi áætluð um 6% og taka gjaldskrárhækkanir vinnuliða mið af því.

FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamat, samkvæmt Fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júní. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Í töflu 2 má sjá þróun skatthlutfalla milli ára 2021 til 2025.

	2021	2022	2023	2024	2025 tillaga
Fasteignaskattur A	0,56%	0,56%	0,56%	0,54%	0,50%
Lóðarleiga	1,80%	1,50%	1,50%	1,50%	1,5%
Vatnsgjald	0,10%	0,02%	0,02%	n.a.	n.a.
Vatnsgjald A húsnæði fast gjald				1.500	1.580 kr.
Vatnsgjald A húsnæði gjald á fermetra				18,3 kr.	20 kr.
Holræsgjald	0,20%	0,15%	0,15%	n.a.	n.a.
Holræsgjald A húsnæði fast gjald				8.000	8.000 kr.
Holræsgjald A húsnæði gjald á fermetra				265 kr.	265 kr.
Sorpgjald þéttbýli (fastur kostnaður + tvö ílát)	52.600	57.800	68.750	79.000	86.900 kr.
Sorpgjald dreifibýli (fastur kostnaður)	34.500	37.900	31.500	36.200	39.820 kr.
Fasteignaskattur B og C	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Lóðarleiga B og C	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%
Vatnsgjald B og C	0,30%	0,30%	0,30%	n.a.	n.a.
Vatnsgjald B, C húsnæði fast gjald				20.447	21.470 kr.
Vatnsgjald B, C húsnæði gjald á fermetra				128,3 kr.	130 kr.
Holræsgjald B og C	0,33%	0,30%	0,30%	n.a.	n.a.
Holræsgjald B, C húsnæði fast gjald				8.000	8.000 kr.
Holræsgjald B, C húsnæði gjald á fermetra				265 kr.	265 kr.

Tafla 2: Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2021-2025.

Árin 2021-2025 hefur fasteignamat í Ísafjarðarbæ hækkað um samtals 83,42%. Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2025 er 86,3 ma.kr. og hækkar um 12,7% frá árinu 2024 þegar það var 76,6 ma.kr.

	2021	2022	2023	2024	2025
Húsmat	42.112.806	50.238.867	60.142.675	68.866.958	77.881.806
Landmat	4.943.172	5.929.127	6.798.787	7.732.075	8.427.876
Samtals	47.055.978	56.167.994	66.941.462	76.599.032	86.309.682
	12,3%	19,4%	19,2%	14,4%	12,7%

Tafla 3: Þróun fasteignamats árin 2021-2025 í þúsundum króna.

Fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsgjald og holræsgjöld

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að hlutfall fasteignaskatts fyrir árið 2025 lækki hvað varðar íbúðarhúsnæði og verði 0,50% af hús- og lóðarmati, en verði það sama af öðrum fasteignum, það er 1,65% af hús- og lóðarmati.

	2022	2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025		
Fasteignaskattur	0,56% - 1,65% - 1,32%	0,56% - 1,65% - 1,32%	% 2023/2024	0,54% - 1,65% - 1,32%		
			% 2024/2025	0,50% - 1,65% - 1,32%		
Á íbúðarhúsnæði	243.685.380	294.319.970	12,99%	332.549.930	5,29%	350.144.495
Af öðru húsnæði	153.999.894	175.147.267	7,08%	187.556.429	12,21%	210.455.574
Af opinberum byggingum	39.375.488	43.492.846	4,22%	45.328.603	5,45%	47.800.117
	437.060.762	512.960.083	10,23%	565.434.962	7,60%	608.400.186

Tafla 4: Þróun fasteignaskatts 2022-2025.

Heildarhækkun tekna vegna fasteignagjalda árið 2025 er 6,94% miðað við fasteignagjöld ársins 2024. Fasteignagjöld 2025 eru áætluð 1.034 m.kr. eins og sjá má í töflu 5.

	2021	2022	2023	2024á	2025á
Fasteignaskattur	375.018.254	437.060.762	512.525.978	565.434.962	608.400.186
Lóðarleiga	82.907.740	87.819.253	100.602.357	114.023.950	121.445.480
Vatnsgjald	64.180.350	42.781.703	48.677.944	42.531.100	44.558.141
Holræsagjald	97.320.485	93.088.437	110.224.320	122.706.938	123.663.957
Sorpgjald	88.013.220	97.209.912	106.471.662	122.382.549	136.174.677
Samtals	707.440.049	757.960.067	878.502.261	967.079.499	1.034.242.441
	7,10%	7,14%	15,9%	10,08%	6,94%


Tafla 5: Þróun fasteignagjalda 2021-2025.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt [lögum nr. 4/1995](#) um tekjustofna sveitarfélaga er Jöfnunarsjóður ein þriggja meginstoða tekjuöflunar sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (svo sem vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga svo sem vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli og fleira.

Í endurskoðaðri áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir heildarframlagi að fjárhæð 2.168 m.kr. Á árinu 2025 er heildarframlag Jöfnunarsjóðs áætlað um 2.174 m.kr. Þar af eru 680 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks, en samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum mun Ísa-fjarðarbær innheimta öll framlög til málaflokksins frá árinu 2024 og greiða þau síðan út til þjónustusvæðanna. Nánari sundurliðun og þróun Jöfnunarsjóðs frá árinu 2021 má sjá í grafi 2.



Graf 2: Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði 2021-2025.

VELFERÐARSVIÐ

SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS

Áætluð hækkun kostnaðar á velferðarsviði 02 er óveruleg miðað við áætlun 2024. Helsta ástæða þess er að búseta í Fjarðarstræti verður lögð af frá og með febrúar 2025.

Launakostnaður á skrifstofu velferðarsviðs 02-020 hækkar vegna fjölgunar stöðugilda sem bókast á skrifstofuna. Stöðugildi deildarstjóra í málefnum fatlaðra færast frá 02-510 á 02-020 vegna breytinga á útfærslum í bókhaldi vegna samnings um Velferðarþjónustu Vestfjarða. Jafnframt bætist við heilt stöðugildi ráðgjafa í félagsþjónustu, en stærstur hluti þess mun bókast á 02-120, móttöku flóttamanna. Þá eru laun tengiráðgjafa í verkefninu *Gott að eldast* skráð á skrifstofuna en kostnaður vegna þess greiðist af framlagi frá ríkinu vegna verkefnisins. Tengiráðgjafi sinnir verkefnum fyrir þau þrjú sveitarfélög á Vestfjörðum sem taka þátt. Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir að tengiráðgjafi verði að störfum allt árið en ekki er ljóst hvort af verður.

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu og málaflokkí fólks með fötlun á Vestfjörðum en samningur aðildarsveitarfélaganna um Velferðarþjónustu Vestfjarða var undirritaður í október 2023. Gert var ráð fyrir endurskoðun samningsins í september 2024 en hún hefur ekki átt sér stað, aðallega vegna þess að það hefur tekið lengri tíma en áætlanir gerðu ráð fyrir að innleiða hann. Stjórnendamálaþing hefur enn ekki verið tekið í notkun en gert er ráð fyrir að vinnu við það ljúki fljótlega. Það mun gefa aðildarsveitarfélögum kost á að fylgjast með þróun kostnaðar í þeim deildum sem heyra undir samninginn í málaflokkí 05. Samstarfið á milli aðildarsveitarfélaga er mikið og hefur gengið afar vel.

Gert er ráð fyrir að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða taki við heimaþjónustu aldraðra en ekki er ljóst í hversu miklum mæli það verður, því er gert ráð fyrir óbreyttri þjónustu í áætlun 2025.


Gjaldskrá velferðarsviðs tekur breytingum þannig að akstursþjónusta aldraðra mun hækka í verði frá og með 1. janúar 2025, fer úr 240 kr. í 550 kr. fyrir staka ferð en frá og með 1. júlí 2025 verður gjaldið 750 kr. Akstursþjónusta fyrir aldraða er ekki lögbundin. Akstursþjónusta fatlaðra mun hækka úr 240 kr. í 330 kr. fyrir staka ferð. Gjald fyrir félagslega heimaþjónustu mun hækka úr 1.540 kr. á klukkustund í 2.200 kr. Einungis eitt gjald verður í félagslegri heimaþjónustu, stuðst verður við sama tekjuviðmið og notað er í reglum Ísafjarðarbæjar um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega vegna afsláttar af fasteignagjöldum. Falli umsækjendur innan tekjuviðmiðs A-flokks framangreindra reglna greiða þeir ekkert gjald fyrir þjónustuna. Aðrar gjaldskrárbreytingar eru gerðar á grundvelli útgefins viðmiðs.

FÉLAGSLEG AÐSTOÐ

Fjárhagsaðstoð

Líkt og undanfarin ár eru einstaklingar sem nýta rétt sinn til fjárhagsaðstoðar flestir einhleypir karlmenn og einstæðir foreldrar. Ennþá er nokkuð um að veita þurfi fjárhagsaðstoð vegna tafa á afgreiðslu umsókna um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bið eftir tíma hjá lækni og bið eftir afgreiðslu frá Tryggingastofnun getur verið allt að 8-12 vikur. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkar í

janúar ár hvert, samkvæmt vísitölu, líkt og reglur gera ráð fyrir. Þróun kostnaðar sveitarfélagsins við fjárhagsaðstoð má sjá í grafi 3.



Graf 3: Þróun fjárhagsaðstoðar árin 2021-2025.

Samningur við Vesturafl þýðir að mikil samvinna er á milli félagsþjónustu og Vesturafls. Ísafjarðarbær greiðir meðal annars fyrir virkniúrræði með fjárframlagi sem Vesturafl greiðir skjólstaðingum sem laun. Lækkun er á þessu framlagi á árinu 2025, aðallega vegna þess að einstaklingar sem verið hafa í slíku úrræði hafa fengið greiningar og því öðlast rétt til örorkulífeyris. Þá er nýr flokkur, fjárhagsaðstoð í formi heimildargreiðslna kominn inn, en þar er um að ræða stuðning við börn tekjulágra foreldra og jafnframt kostnaður vegna innkaupakorta frá Bónus eða Nettó sem afhent eru þegar nauðsyn ber til.

Móttaka flóttamanna

Undir móttöku flóttamanna bókast öll veitt þjónusta til flóttamanna á meðan þeir falla undir samning við ríkið um móttöku flóttafólks. Eitt stöðugildi er bókað með millifærslum á deildina en staðsett á skrifstofu velferðarsviðs 02-020.

Stuðningsþjónusta


Stuðningsþjónusta heyrir undir grunnþjónustu sveitarfélagsins og snýr að hvers kyns persónulegri þjónustu við einstaklinga. Lög gera ráð fyrir að fyrstu 65 stundir í hverjum mánuði séu stuðningsþjónusta, veitt af sveitarfélaginu. Fyrir utan hefðbundna þjónustu alla virka daga á dagvinnutíma er heimaþjónusta veitt frá kl. 17-19 alla virka daga en einnig veitt um helgar eins og áætlanir stefndu að. Samvinna við heimahjúkrun er góð og stuðlar að betri nýtingu þjónustunnar en stefnt er að því að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða taki við þeim hluta stuðningsþjónustunnar sem snýr að öldruðum.

Gert er ráð fyrir að nýjar reglur um stuðningsþjónustu verði unnar í lok árs 2024 eða byrjun árs 2025 í tengslum við samvinnu Sambandsins, heilbrigðisráðuneytisins og aðildarsveitarfélaga *Gott að eldast*. Reglurnar verði samræmdar og innleiddar hjá öllum sveitarfélögum landsins. Það mun leiða til aukinnar áherslu á félagslega þætti persónulegrar þjónustu við aldraða en minni á heimilisþrif.

Á árinu 2024 var tekin í notkun bifreið sem meðal annars er nýtt til heimsendingar matar, erindareksturs fyrir þjónustuþega og skipulagðra innkaupaferða á föstudögum. Þá er bifreiðin jafnframt nýtt af starfsfólki í heimaþjónustu.

Sérstakar húsnæðisbætur


Á árinu 2022 voru reglur um sérstakar húsnæðisbætur endurnýjaðar. Við það fjölgaði lítillega í hópi þeirra sem rétt eiga á sérstökum húsnæðisbótum, sérstaklega vegna nýrra tekjuviðmiða. Enn eru þeir sem eiga rétt á sérstökum húsnæðisbótum í hópi tekjulægstu einstaklinganna í sveitarfélaginu.



Graf 4: Þróun húsnæðisbóta 2021-2025.

Afsláttur af fasteignagjöldum aldraðra og öryrkja

Samkvæmt 4. mgr. [laga nr. 4/1995](#) um tekjustofna sveitarfélaga eru fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir nýta sjálfir, lækkaður eða felldur niður í samræmi við viðmiðunarreglur.



Graf 5: Þróun afslátta fasteignagjalda aldraðra og öryrkja árin 2021-2025.

Tekjuforsendur		2024		2025	
Lækkun	Einstaklingur	Hjón	Einstaklingur	Hjón	
100% ef tekjur allt að	4.402.000	6.877.000	4.649.000	7.262.000	
80% ef tekjur allt að	4.929.000	7.704.000	5.205.000	8.135.000	
60% ef tekjur allt að	5.521.000	8.628.000	5.830.000	9.111.000	
40% ef tekjur allt að	6.184.000	9.663.000	6.530.000	10.204.000	
20% ef tekjur allt að	6.926.000	10.823.000	7.314.000	11.429.000	

Tafla 6: Tekjuviðmið árið 2024 og tillaga að tekjuviðmiði 2025.

ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA

Félagsstarf aldraðra

Félagsstarf aldraðra er í miklum blóma. Þátttaka vex stöðugt og fjölbreytni í framboði er mikil.

Aðsókn í félagsstarf á Suðureyri hefur vaxið umtalsvert og því er gert ráð fyrir hækkun á stöðugildi forstöðumanns, sem jafnframt annast þrif á húsnæðinu. Á Þingeyri er þjónustan vel sótt að vanda enda hlutfall aldraðra á Þingeyri hæst í byggðakjörnum sveitarfélagsins. Á Flateyri eru mjög fáir aldraðir einstaklingar en þeim stendur til boða að sækja félagsstarf og dagdeild á Ísafirði.

Matarþjónusta

Að jafnaði eru seldar um fimmtíu máltíðir í mötuneyti á Hlíf dag hvern, þar af eru á bilinu 10-15 máltíðir sendar heim til fólks. Á matarþjónustu bókast jafnframt kostnaður vegna starfsmanns í eldhúsi á Tjörn sem Ísafjarðarbær hefur greitt Heilbrigðisstofnun fyrir. Ísafjarðarbær greiðir auk þess laun þess starfsfólks sem starfar í móttökueldhúsi á Hlíf. Verð á máltíðum frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er vísitölutengt.

Dagdeild

Dagdeildarpláss í Ísafjarðarbæ eru samtals 13, þar af eru fjögur pláss skilgreind fyrir fólk með heilabilun. Því hefur framlag hins opinbera til dagdeildarinnar hækkað. Í samræmi við reglugerð um dagdvalir taka notendur þjónustunnar nú þátt í kostnaði vegna dvalarinnar en innifalið í því er hádegisverður, síðdegiskaffi og akstur. Kostnaður vegna síðdegiskaffis er bókaður á dagdeild þar sem ekki hefur tekist að ráða starfsmann í eldhús til þess að sinna því. Stöðugt þarf að huga að nýtingu plássna á dagdeild og samvinna við notendur, aðstandendur og Heilbrigðisstofnun því mikilvæg.

ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA

Barnavernd

Í tengslum við breytingar í barnaverndarþjónustu á landsvísu hefur vinna starfsmanna í barnavernd hjá Ísafjarðarbæ tekið töluverðum breytingum. Helstu breytingarnar felast í föstum vikulegum fundum með aðildarþjónustusvæðum Velferðarþjónustu Vestfjarða þar sem, meðal annars, allar tilkynningar sem berast til barnaverndar á Vestfjörðum eru teknar fyrir. Gert er ráð fyrir hækkun kostnaðar í bakvöktum í

barnavernd en bakvaktir spanna núna öll bakvaktarmál á Vestfjörðum en starfsmenn barnaverndar hjá Ísafjarðarbæ annast vaktirnar.

Skrifstofa barnaverndar

Í vinnslu er samningur um vinnslu 3. stigs mála fyrir Súðavíkurrepp og Bolungarvíkurkaupstað en þau sveitarfélög hafa verið með samning við Ísafjarðarbæ um vinnslu barnaverndarmála frá árinu 2002. Enn er ýmislegt óljóst varðandi útfærslu á nýjum samningi meðal annars hvaða kostnaður muni falla beint á aðildarsveitarfélögin og hvaða kostnaður verði sameiginlegur. Samningar miðast við hlutfallslega þátttöku á grundvelli íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Á árinu 2024 hafa starfsmenn í barnavernd hjá Ísafjarðarbæ sinnt barnaverndarmálum á Ströndum og Reykhólum en jafnframt sinnt máli í Vesturbyggð vegna sérstakra aðstæðna. Sú vinna er greidd í útseldri vinnu. Nauðsynlegt er að gengið verði frá samningum, verði framhald á þessari þjónustu.

Bakvaktir barnaverndar


Niðurstaða aðildarsveitarfélaganna um bakvaktir í barnavernd er að hún verður í umsjón Ísafjarðarbæjar í samvinnu við aðildarsveitarfélögin. Aðildarsveitarfélög munu sinna útköllum þegar þörf krefur og mun kostnaður vegna þess bókast hjá Ísafjarðarbæ. Sviðs- og félagsmálastjórar á Vestfjörðum leggja til fjölgun tíma í bakvakt úr 17,5 klukkustundum í 20 klukkustundir fyrir viku bakvakt.

Fóstur utan heimilis

Kostnaður vegna fósturs utan heimilis er stærsti einstaki liðurinn í barnaverndinni. Gert er ráð fyrir nýjum samningum vegna langtímafósturs á árinu 2025. Komi til langtímafósturs helst sú ráðstöfun alla jafna þar til barn verður átján ára en stuðningi barnaverndar lýkur við tuttugu ára aldur. Alla jafna er greitt áttfalt meðlag á mánuði með hverju barni í fóstri, auk ýmiss annars kostnaðar sem til fellur.

Úrræði utan heimilis

Kostnaður hækkar vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna vegna þjónustu við börn sem ekki eru í skilgreindu fóstri en þurfa á slíkum stuðningi að halda í vinnslu barnaverndarmáls.



Graf 6: Samanburður á kostnaði þjónustu barnaverndar 2021-2025.

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á Vestfjörðum. Breytingar hafa verið gerðar á útfærslu þjónustunnar sem og kostnaðarskiptingar á milli aðildarsveitarfélaganna. Sú vinna mun halda áfram á árinu 2025, enda mikil þörf á skýrum ferlum og skipulagi á samvinnunni. Sviðs- og félagsmála- stjórar á Vestfjörðum hafa lagt til skiptingu á ráðgjöf og stjórnun, sem og húsnæðiskostnaði sem mun birtast sem millifærslur á 02-510. Samstarf sveitarfélaganna hefur gengið afar vel.

Búsetum á Ísafirði fækkar um eina frá og með febrúar 2025. Fjölgun verður hins vegar um tvo í annarri búsetu, sem báðir hafa nýtt SIS-mat/endurmat. Ráðgjöf hefur farið vaxandi.

Stoðþjónusta utan heimilis

Ný reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga krefst breytinga á lykklum í þjónustu við fatlaða. Stoðþjónusta utan heimilis er það sem áður var frístundaþjónusta og sumarþjónusta. Þessi þjónusta er að litlum hluta niðurgreidd af Jöfnunarsjóði. Þessi liður fellur ekki undir sameiginlega liði Velferðarþjónustu Vestfjarða.

Stoðþjónusta innan heimilis


Undir stoðþjónustu innan heimilis bókast kostnaður vegna þjónustu sem er umfram lagaskyldu um grunnþjónustu sveitarfélaga, það er umfram 65 tíma á mánuði.

Ferðaþjónusta fatlaðra

Ferðaþjónusta fatlaðra fellur ekki undir sameiginlega liði Velferðarþjónustu Vestfjarða. Á miðju ári 2024 var fallið frá verktöku í akstursþjónustu aldraðra, öryrkja og fatlaðra. Ný bifreið var keypt og ráðinn bílstjóri til þess að annast aksturinn. Það sem af er ári hefur sýnt sig að reksturinn er miklum mun hagkvæmari og skilvirkari og boðleiðir styttri. Ferðafjöldi er svipaður og verið hefur undanfarið eitt og hálf ár. Millifærslur verða gerðar yfir á akstursþjónustu aldraðra 02-450.

MÁLEFNI FATLAÐRA

Gengið hefur verið frá skiptingu í ráðgjöf og stjórnun og hlutfallslegum húsnæðiskostnaði. Sú skipting verður endurskoðuð árlega í tengslum við fjárhagsáætlunargerð hvers árs. Fötlum í þjónustu hefur fjölgað á milli ára og ráðgjöf orðin veigameiri þáttur í þjónustunni. Á Ísafirði voru gerðar breytingar í forstöðumennsku í búsetu. Stöðugildum var fækkað úr tveimur í eitt en ráðnir tveir teymisstjórar sem sinna ýmsum verkefnum sem áður voru hjá forstöðumönnum. Teymistjórar ganga jafnframt vaktir. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir 50% stöðugildi sviðsstjóra í formi millifærslna, 100% stöðugildi deildarstjóra og 30% stöðugildi ráðgjafa.



Graf 7: Málefni fatlaðra 2021-2025, í þúsundum króna.

Engar tölur hafa borist frá Jöfnunarsjóði en gert er ráð fyrir að tekjur fáið fyrir rekstri, þannig er áætlað að framlagið verði 650 m.kr. Áætlað útsvarsframlag aðildarsveitarfélaga er áætlað 126,9 m.kr. Heildarframlög til málaflokksins eru því áætluð 776 m.kr.

Notendasamningar

Gert er ráð fyrir tveimur notendasamningum á árinu 2025, annar er nýr inni í áætlun.

Búsetur

Kostnaður vegna búseta í Pollgötu og Sindragötu hækkar, meðal annars vegna fastrar yfirvinnu og vanmats á veikindalaunum á árinu 2024. Búseta í Fjarðarstræti leggst af en gert er ráð fyrir launakostnaði út janúar 2025. Eitt af verkefnum í málefnum fatlaðra er að ná samræmingu á yfirvinnugreiðslum til forstöðumanna á milli svæða. Sú yfirvinna er vegna starfa forstöðumanna eða teymisstjóra utan hefðbundins vinnutíma. Stöðugildum forstöðumanna var fækkað úr tveimur í eitt en ráðnir voru tveir teymisstjórar sem jafnframt ganga vaktir. Kostnaður vegna yfirvinnu hækkar en ástæða þess er meðal annars fjölgun einstaklinga í búsetuþjónustu í Pollgötu.

Skammtímvistun

Skammtímvistun er nú rekin í húsnæði Hvestu og forstöðumaður þar sinnir jafnframt málefnum skammtímvistunar. Kostnaður lækkar hlutfallslega vegna minnkandi þjónustu.

Stuðningur við fötluð börn

Nokkur aukning er í málaflokknum stuðningur við fötluð börn (áður stuðningsfjölskyldur) þrátt fyrir að á stundum hafi verið erfitt að ráða fólk til starfa. Þessi þjónustuliður er mun ódýrari en að veita þjónustuna

í skammtímvistun. Vonir eru bundnar við að takist að nýta þetta úrræði áfram, fremur en stofnanaþjónusta. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna voru hækkaðar 1. júlí 2024 þar sem greiðslurnar höfðu ekki hækkað í fjögur ár. Þær eru nú sambærilegar við greiðslur hjá öðrum sveitarfélögum á landinu.

Hvesta

Stöðugildi forstöðumanns í Hvestu hefur verið hækkað úr 80% í 100% þar sem forstöðumaður sinnir jafnframt skammtímvistun. Allt innra starf Hvestu er í endurskoðun með tilliti til úrræða í samvinnu við vinnumarkað og mögulegra verkefna.

ÝMIS FÉLAGSÞJÓNUSTA

Ýmsir styrkir

Gert er ráð fyrir hækkun á framlagi til Vesturafis og Fjölsmiðju en nýr samningur um þjónustuna í Vesturafli er í vinnslu. Áfram er gert ráð fyrir styrk til VáVest sem sinnir forvarnarmálum, líkt og verið hefur um árabíl. Gert er ráð fyrir styrk til Reykjadals vegna sumarþúða fyrir fötluð ungmenni og styrk til Kvennaathvarfs.

Áfengis- og vímuefnavarnir

Hér bókast ráðstöfunarfé og dvalarkostnaður fyrir einstaklinga sem eru í meðferð við fíknivanda. Einnig bókast hér framlag til AA í formi greiðslu á leigu.


SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS

Gert er ráð fyrir að verja um 3.470 m.kr. til fræðslu- og tómstundamála á árinu 2025 sem er um 201,8 m.kr. hækkun milli ára eða um 6%.

	Ársreikningur 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Fræðslumál	2.365.318.108	2.498.811.424	2.717.061.882
Æskulýðs- og íþróttamál	623.224.479	706.189.089	753.191.912
Samtals	2.988.542.587	3.205.000.513	3.470.253.794

Tafla 7: Rekstur skóla- og tómstundasviðs 2023-2025.



Graf 8: Þróun launakostnaðar fræðslumála og æskulýðs- og íþróttamála 2021 til 2025.

Á skrifstofu skóla- og tómstundasviðs starfa þrír starfsmenn í þremur stöðugildum; sviðsstjóri, skóla- og sérkennslufulltrúi og íþrótt- og æskulýðsfulltrúi. Jafnframt er sviðið með tímabundinn samning við verkefnastjóra sem aðstoðar við innleiðingu farsældarlaganna en honum fylgir fjármagn frá ríkinu.

FRÆÐSLUMÁL


Árið 2025 verður innleiðing [farsældarlaganna](#) áfram eitt af fyrirferðamestu verkefnum skólanna. Lögin krefjast góðrar samvinnu á milli stofnana og breyttra vinnuaðferða við að þjónusta börn. Verkefnastjóri innleiðingarinnar heldur áfram að leiða skólana áfram í samvinnu við foreldra/forráðamenn og starfsfólk. Stefnt er að endurskoðun skólastefnunnar og kaupa þjónustu ráðgjafa til að leiða þá vinnu.

Leikskólar

Ísafjarðarbær rekur fimm leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla. Áætlaður heildarfjöldi leikskólabarna á árinu 2025 er 215 og áætlaður fjöldi stöðugilda á leikskólum reknnum af Ísafjarðarbæ árið 2025 er 74,1, sem er lækkun um eitt stöðugildi á milli ára.

Engin börn úr öðrum sveitarfélögum sækja leikskóla í Ísafjarðarbæ og því lækka þær tekjur um 5 m.kr.

Áætlaður kostnaður Ísafjarðarbæjar við hvert leikskólabarn er að meðaltali um 4,48 m.kr. á ári og er kostnaðarþátttaka foreldra að meðaltali um 11,9% af þeirri upphæð.




Graf 9: Áætlaður kostnaður vegna hvers barns á leikskólum Ísafjarðarbæjar 2025.

Stöðugildum til hvers leikskóla er úthlutað samkvæmt leikskólalíkani Ísafjarðarbæjar og er þar meðal annars tekið mið af fjölda barna og aldurssamsetningu barna á hverjum leikskóla. Stuðningsþjónusta fyrir börn er reiknuð sér og miðast við greiningar barna.


Stöðugildin breytast lítið á milli árána 2024 og 2025 og fækkar um 1 í heildina.

	Sólborg	Tangi	Laufás	Tjarnarbær	Grænigarður	Eyrarskjól	Samtals
Stöðugildi 2023	36,7	-	6,4	7,6	5,3	23,7	79,7
Stöðugildi 2024	22,9	10,2	6,6	7,2	4,5	23,7	75,1
Stöðugildi 2025	23,6	9,4	6,2	6,7	4,5	23,7	74,1
Nemendur 2023	106	-	15	15	13	72	221
Nemendur 2024	57	45	15	15	8	80	222
Nemendur 2025 áætlun	58	40	13	15	9	80	215

Tafla 8: Stöðugildi og nemendafjöldi leikskóla 2023-2025.



Graf 10: Þróun á rekstri leikskóla 2021-2025.



Graf 11: Þróun á launakostnaði leikskóla 2021-2025.

Hjallastefnan hefur rekið leikskólann Eyrarskjól frá árinu 2012. Nú standa yfir samningaviðræður milli Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar þar sem nýr samningur er ræddur. Í áætluninni er gert ráð fyrir 11% hækkun eða 42 m.kr. þar sem samanburður á leikskólunum Sólborg og Eyrarskjól leiddi í ljós að Sólborg var dýrari. Í samanburðinum kom jafnframt fram að faghlutfall á Sólborg er 65% á móti 35% á Eyrarskjóli.




Graf 12: Þróun kostnaðar vegna reksturs Eyrarskjóls 2021-2025.

Grunnskólar

Ísafjarðarbær rekur fjóra grunnskóla með um það bil 490 nemendum. Áætlaður kostnaður per nemanda er að meðaltali 2,68 m.kr.

Engin börn úr öðrum sveitarfélögum sækja grunnskóla í Ísafjarðarbæ og lækka tekjur vegna þess um 5,3 m.kr.




Graf 13: Áætlaður kostnaður vegna hvers barns í grunnskólum Ísafjarðarbæjar 2025.

Áætlaður fjöldi stöðugilda í grunnskólunum árið 2025 er 85,8 sem er fjölgun um 0,5. Mesta fjölgunin er í Grunnskóla Ísafjarðar þar sem bekkjardeildum hefur fjölgað um 2.


	Grunnskólinn á Ísafirði	Grunnskóli Öndarfjarðar	Grunnskólinn á Þingeyri	Grunnskólinn á Suðureyri	Samtals
Stöðugildi 2023	63,2	4,7	8,8	8,9	85,6
Stöðugildi 2024	63,4	4,5	8,9	8,5	85,3
Stöðugildi 2025, áætlun	65,1	4,5	8,9	7,3	85,8
Nemendafjöldi 2023	391	13	39	40	483
Nemendafjöldi 2024	395	11	40	38	484
Nemendafjöldi 2025, áætlun	398	11	40	38	487

Tafla 9: Stöðugildi og nemendafjöldi grunnskóla 2023-2025.

Stöðugildum til hvers grunnskóla er úthlutað samkvæmt úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar og er þá reiknað hversu margar kennslustundir hver skóli fær. Úthlutunin tekur mið af fjölda barna í hverri bekkjardeild. Stoðþjónusta fyrir börn er reiknuð sér og miðast við greiningar barna. Skólaskrifstofa hefur útbúið líkan til að úthluta stöðugildum stuðningsfulltrúa í grunnskólum og verður það áfram í þróun.



Graf 14: Þróun rekstrarkostnaðar grunnskóla 2021-2025.



Graf 15: Þróun launakostnaðar grunnskóla 2021-2025.

Skólamáltíðir í grunnskólum og dægradvöl voru gerðar gjaldfrjálsar frá byrjun skólaárs 2024-2025 sem er sparnaður fyrir heimilin um 150 þ.kr. fyrir hvert barn yfir skólaárið. Tekjur sveitarfélagsins lækka því sem nemur 33,5 m.kr. en á móti koma tekjur úr Jöfnunarsjóði upp á 18 m.kr.

Dægradvöl og frístund

Dægradvöl er í boði fyrir 1.-4. bekk við alla grunnskóla sveitarfélagsins. Á Ísafirði er áætlað að um 90 börn verði skráð í dægradvöl árið 2025 sem er fjölgun um 10 frá árinu 2024. Þörf á stuðningsfulltrúum eykst í dægradvöl og því bætist við 0,6 stöðugildi en fyrir eru stöðugildi alls 4,6. Á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri er fjöldi barna í dægradvöl frá 0-5 á hverjum stað.

Áætlaður kostnaður Ísafjarðarbæjar við hvert barn í dægradvöl er 611 þúsund krónur og er kostnaðarþátttaka foreldra um 23%.

Skólamatúr

Skólamáltíðir í grunnskólunum voru gerðar gjaldfrjálsar haustið 2024. Mötuneyti er rekið í Grunnskólanum á Ísafirði og þar eru 3,4 stöðugildi. Grunnskólarnir á Þingeyri og Suðureyri kaupa máltíðir fyrir nemendur og starfsfólk af leikskólunum Laufási og Tjarnarbæ. Grunnskóli Öfundarfjarðar kaupir hádegismat af þjónustuaðila á Flateyri.

Lýðskólinn


Ísafjarðarbær veitir Lýðskólanum styrk til afnota af íþróttamannvirkjum á Flateyri og vinnuframlag sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs til stjórnasetu í skólanum, samkvæmt samningi.

Tónlistaskólar

Ísafjarðarbær greiðir launakostnað tveggja tónlistarskóla; Tónlistarskóla Ísafjarðar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar. Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir sama fjölda stöðugilda í skólunum og síðastliðin ár. Sveiflur eru í framlagi Jöfnunarsjóðs og fer framlagið eftir fjölda söngnema á miðstigi eða framhaldstigi og hljóðfæranemenda á framhaldsstigi.

	Fjöldi stöðugilda 2024	Fjöldi stöðugilda 2025
Tónlistarskóli Ísafjarðar	13,5	13,5
Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	2	2

Tafla 10: Fjöldi stöðugilda í tónlistarskólum.



Graf 16: Þróun launakostnaðar hjá Tónlistaskóla Ísafjarðar og LRÓ 2021-2025.


ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Útgjöld til málaflokks íþróttá- og æskulýðsmála eru áætluð 753 m.kr. og hækka um 6,7% eða 47 m.kr. frá árinu 2024. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttamannvirkja. Samtals nemur kostnaður við rekstur þessara mannvirkja 359,6 m.kr.

Uppbyggingarsamningar við íþróttafélögin verða hækkaðir um 3 milljónir og fara úr 12 milljónum í 15 milljónir. Jafnframt er gert ráð fyrir 10 m. kr. í frístundastyrki sem niðurgreiða íþróttá- og tómsundastarf barna en íbúar og íþróttahreyfingin hafa lengi kallað eftir að þeir verið settir á.


Íþróttamannvirki

Ísafjarðarbær rekur fimm íþróttahús og fjórar sundlaugar. Gert er ráð fyrir hækkun á kostnaði við rekstur íþróttamannvirkjana milli ára, var um 335,8 m.kr. og verður um 359,6 m.kr. Skipting á kostnaði milli íþróttamannvirkja árið 2025 má sjá í grafi 17.



Graf 17: Heildarrekstur íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar 2021-2025.

Súlurnar nota vinstri mælikvarðann og línan sem sýnir samtals kostnað notar hægri mælikvarðann.




Graf 18: Þróun launakostnaðar í íþróttamannvirkjum 2021-2025.

Súlurnar nota vinstri mælikvarðann og línan sem sýnir samtals kostnað notar hægri mælikvarðann.

Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar ætlaðar börnum í 8.-10. bekk í grunnskólum eru starfræktar í öllum byggðarkjörnum svo lengi sem tekst að manna þær. Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði milli árana 2024 og 2025 eða samtals um 36 m.kr. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar á Ísafirði gegnir einnig stöðu forstöðumanns dægradvalar á Ísafirði.



Graf 19: Þróun reksturs félagsmiðstöðva 2021-2025.

Ungmennni á aldrinum 16-18 ára hafa lengi kallað eftir aðstöðu til að hittast og efla félagsstarf þeirra. Verður 1 m.kr. varið í að þróa félagsstarf sem er sérstaklega hugsað fyrir þennan aldurshóp, í samvinnu við skóla og aðrar stofnanir í sveitarfélaginu.

Héraðssamband Vestfirðinga

Nýr samningur við HSV tók gildi árið 2024 sem skýrir lækkun um 20 m.kr. á framlögum Ísafjarðarbæjar til HSV árið 2025. Starf framkvæmdastjóra HSV færðist yfir til Ísafjarðarbæjar og er nú stöðugildi íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

Gert er ráð fyrir hærri kostnaði upp á 1,35 m.kr. vegna frístundarútu þar sem akstur rúttunnar frá Holtahverfi bættist við, í stað þess hún færi aðeins frá Torfnesi. Aðrir kostnaðarliðir eru frístundarúta, 7,3 m.kr., afnot af íþróttamannvirkjum, 69 m.kr., og afnot af fimm leiguíbúðum, 10,2 m.kr.

Skíðasvæði

Gert er ráð fyrir 140 m.kr. kostnaði vegna skíðasvæða árið 2025. Þar af er innri leiga um 66 m.kr. Áætlaðar tekjur árið 2025 eru 28 m.kr. sem er hækkun um 8 m.kr. milli ára.

Gert er ráð fyrir 20 m.kr. vegna viðhalds á lyftum og öðrum tækjum sem komin eru til ára sinna, sem er hækkun um 6 m.kr. á milli ára. Ekki verður hjá því komist að fara í viðhaldsvinnu á árinu ef halda á

skíðasvæðinu opnu. Tæplega helmingur af rekstrarkostnaði skíðasvæðisins fer í innri leigu þrátt fyrir að allur búnaðurinn sé orðinn gamall, til dæmis eru lyftur 30 ára og troðarar 7-9 ára. Um mitt ár 2024 var starfsfólk skíðasvæðisins komið með samtals 500 yfirvinnutíma vegna viðgerða á biluðum tækjum á svæðinu, þar á meðal allar lyftur og troðarar.

Skíðasvæðið verður 30 ára árið 2025 og verður haldið upp á þau tímamót á báðum svæðunum í vetur.

Önnur íþróttasvæði

Ísafjarðarbær heldur áfram samvinnu við Golfklúbb Ísafjarðar varðandi umhirðu á golfvöllinum í Tungudal og þúttvöllinum á Ísafirði. Gert er ráð fyrir sambærilegri upphæð þar og áður, eða um 3,3 m.kr.

Eftir miklar framkvæmdir á árinu á knattspyrnusvæðinu á Torfnesi er nú komin þar glæsileg aðstaða með tveimur nýjum gervigrasvöllum. Gera þarf úttekt á völlum á komandi ári til að uppfylla gæðastaðla og er áætlaður kostnaður við það 1 m.kr. Ákveðið hefur verið að moka æfingavöllinn yfir vetrartímann svo hægt sé að æfa þar og er áætlað að moksturinn kosti um 5 m.kr.

Vinnuskóli

Áætlun vinnuskólans lækkar um 200 þ.kr. árið 2025. Undanfarin ár hefur gengið illa að fá flokkstjóra í vinnu og því hefur nemendum skólans verið dreift á verkefni hjá íþróttafélögum í sveitarfélaginu, stofnunum Ísafjarðarbæjar og jafnvel fyrirtæki í bænum. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun og verður haldið áfram árið 2025. Því lækkar launaáætlun skólans um tæpar 2 m.kr. en sama upphæð færir yfir á aðkeypta þjónustu.

Opnir leikvöllir

Áætlun fyrir opna leikvelli hækkar um 600 þ.kr. á milli ára þar sem töluverð viðhaldspörf er á leikvöllum sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir 1.090 þ.kr. til viðhalds leikvalla í sveitarfélaginu árið 2025.

STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Hluti sameiginlegs kostnaðar er síðan færður á aðrar deildir með millifærslum ýmist með tilliti til notkunar, fjölda starfsmanna, fjölda launafærslna, fjölda reikninga eða fjölda bókhaldsfærslna.

Bæjarskrifstofur

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir um 16,6 stöðugildum á bæjarskrifstofum, en áætlun 2024 gerir ráð fyrir 17,1 stöðugildi. Er þetta lækkun um 0,5 frá fyrra ári sem stafar af skipulagsbreytingum á launadeild. Áætluð laun og launatengd gjöld eru um 262,5 m.kr. sem er aðeins 1% hækkun heildarkostnaðar frá fyrra ári.

Síðustu misseri hafa einkennst af skipulagsbreytingum í starfsmannahaldi, færslu starfsmanna innan-húss og breytinga á verkefnaskipan milli deilda og starfsmanna. Þessum tilfæringum ætti að vera lokið en huga þarf að þjálfun nýrra starfsmanna og bættri vinnuaðstöðu, til dæmis með endurnýjun búnaðar og bættri hljóðvist, sérstaklega í sameiginlegu vinnurými. Nauðsynlegt er að endurnýja tölvuskjái, huga að endurnýjun skrifstofustóla og ljúka innleiðingu fartölva, í stað borðtölva. Þá hefur loftþurrkur í húsnæði valdið starfsfólki óþægindum og leitað verður leiða til að sporna við því.

Með nýju starfsfólki fæðast nýjar hugmyndir og tillögur að bættu verklagi. Unnið er hörðum höndum að endurskoðun ýmissa samninga með lækkun kostnaðar, straumlínulögun í þjónustu við bæjarbúa á sviðinu, svo sem með bættum tæknilausnum og vefsíðu, og frágangi í skjaladeild til undirbúnings innleiðingar rafrænna skila.

Gert er ráð fyrir að allir bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra, bæjarritara og fjármálastjóra, fari á Fjármálaráðstefnu Sambands Íslenskra sveitarfélaga í október 2025. Gert er ráð fyrir fjármagni til ferða, gistingar og ráðstefnugjalda vegna þess, auk ferðalaga bæjarfulltrúa og bæjarstjóra vegna Landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga í mars 2025, svo og annarra þeirra ráðstefna sem nauðsynlegt er að sækja, þótt ávallt verði leitað leiða til að sækja fundi og námskeið í gegnum fjarfundabúnað þegar það á við.

Endurskoðun

Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við endurskoðun á árinu 2025, en samningurinn rennur út eftir fjárhagsárið 2024. Árlegur kostnaður er um 4,4 m.kr. að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt samningi.

Ónotað húsnæði

Undir ónotað húsnæði flokkast innri leiga frá Eignasjóði vegna húsnæðis sem ekki er notað af stofnunum sveitarfélagsins eða stendur autt, en ekki er ætlast til að Eignasjóður beri kostnað af slíku húsnæði. Um er að ræða sex eignir; skólahúsnæði við Bakkaveg 9 í Hnífsdal, Svarta pakkhúsið á Flateyri,

Vallargata 3 á Þingeyri, Salthúsið á Þingeyri og Suðurtangi 2, skúrar við Fjarðarstræti 16 og Sundstræti 14 á Ísafirði. Bæjarstjórn samþykkti árið 2022 sölu tveggja íbúða í Sundstræti 14 á Ísafirði, en salan er liður í því verkefni að fækka eignum sveitarfélagsins, en meirihluti eigna er til leigu á almennum markaði. Önnur íbúðin í Sundstræti er þó óseld.

Nauðsynlegt er að taka ákvörðun um hvaða eignir sveitarfélagið hyggst eiga áfram, af húsnæði sem ekki nýtist sem íbúðarhúsnæði, svo sem varðandi barnaskólann í Hnífsdal, gömlu bæjarskrifstofunnar á Þingeyri (Vallargata 3) og félagsheimilin fjögur sem sveitarfélagið rekur, auk þess sem ganga þarf í að auglýsa Sundstræti 14 til sölu. Mikill kostnaður er af þessum eignum, svo sem vegna hita og/eða rafmagns, trygginga og nauðsynlegs viðhalds, auk starfsleyfa ef því er að skipta.

Upplýsingakerfi

Origo sér um hýsingu og rekstur tölvukerfis sveitarfélagsins og sér jafnframt um fjar- og vettvangsþjónustu. Samningur er runninn út og þarf að fara í nýtt útboð öðru hvoru megin við áramót 2024/2025. Nýr samningur getur því haft á hrif á rekstrarkostnað kerfisins á árinu 2025.

Snerpa rekur netteningar fyrir Ísafjarðarbæ og ber ábyrgð á endabúnaði og ljósleiðaratengingum, sér um hýsingar á vef og VPN tengingar.

Meginskjalakerfi sveitarfélagsins er OneSystems, auk ýmissa viðbótarkerfiseininga, svo sem OneSign (undirritanir), OneContract (samningakerfi) og OncePortal Citizen (þjónustugátt), auk viðbótarlausna á öðrum sviðum. Ekki eru fyrirhugaðar frekari kerfiseiningar til kaups á árinu 2025 en þó er fyrirhuguð öryggisuppfærsla og tengingar við island.is vegna starfræns pósthólf stjórnvalda.

Á komandi mánuðum mun sveitarfélagið tengjast opinberu pósthólfi á island.is í samræmi við lög. Stjórnsýsluerindi og -ákvarðanir verða birtar í pósthólfi, auk þess sem nýta má gáttina fyrir útgáfu launaseðla og reikninga. Umhverfis- og kostnaðarsjónarmið eru að baki rafrænni birtingu, en póst- og blaðakostnað mætti lækka hjá sveitarfélaginu og því kostur að nýta gáttina með sem bestu móti. Nauðsynlegt er að kaupa tengingar við öll meginkerfi sveitarfélagsins, og „millikerfi“ til nokkurs konar varðveislu birtra gagna. Mánaðarlegur kostnaður vegna þessa leggst á sveitarfélagið.

Stöðug vinna er að bæta gagnaöryggi tölvukerfis sveitarfélagsins, svo og að lækka kostnað, meðal annars við rekstur netþjóna. Gera þarf ráð fyrir einskiptis kostnaði við færslu gagna í skýjalausnir, en til lengri tíma eru þess háttar aðgerðir öruggari og ódýrari. Endurnýja þarf öll Microsoft leyfi starfsmanna og endurskoða hvort bæta þurfi við einstak leyfi, vegna gagnaöryggis, en með því fæst aukin vírusvörn á útstöðvar og betra eftirlit með póstkerfi. Auk þess verður lokið við að virkja tveggja þátta auðkenningu. Þá verður innkaupaferli útstöðva uppfært, en með heildartilboði allra stofnana ættu að fást betri verð.

Sveitarfélagið hefur jafnframt hug á því að skoða betri lausnir varðandi mannauðsmál og innleiða þannig frekari lausnir á „mínum síðum“ í launakerfi. Þar geta starfsmenn séð gögn varðandi ráðningarsamband og launaseðla, auk þess sem umsóknir um líkamsræktarstyrki og ýmsar starfsreglur og handbækur væru þar fyrir starfsmenn. Í dag eru gögn vegna þessa mest á opnum svæðum eða afhent að ósk starfsmanns, eftir atvikum.

Jafnframt verður leitast við að bæta flæði innkaupa í bókhaldi, með kreditkortanotkun og útlögðum kostnaði, með innleiðingu lausna sem einfalda verk starfsmanna beggja vegna borðsins.

Fyrirhugað er að innleiða ýmsar Microsoft lausnir, svo sem vegna útleiðingar Workplace á árinu 2025. Taka þarf ákvörðun hvaða leið eigi að fara í lausnum varðandi teymisvinnu og samskipti, auk símkerfis, en innleiðing tölvusíma hófst 2023 á bæjarskrifstofum, með það í huga að bæta við fleiri stofnunum.

Fyrirhugað er að hefja vinnu við að útbúa tölvu- og upplýsingatæknistefnu fyrir sveitarfélagið, þar sem sett yrði stefna til framtíðar og markmið við innleiðingu og uppsetningu kerfisins. Nauðsynlegt er fyrir frekari vinnu við innleiðingu stafrænna lausna að allir séu með sömu framtíðarhugmyndir og vinni í sömu átt. Það auðveldar ákvarðanatöku við kaup og/eða innleiðingu nýrra kerfa og lausna.

Rekstrarkostnaður vegna Origo er um 54 m.kr., vegna One Systems um 7,5 m.kr. með viðbótum og uppfærslum, en aukalega er greitt fyrir kerfiseiningar á velferðarsviði, skóla- og tómsundasviði og umhverfis- og eignasviði. Kostnaður vegna þjónustu Wise sem rekur Business Central fjárhagskerfið er áætlaður um 17 m.kr. og rekstrarkostnaður vegna Advania er rétt rúmlega 5 m.kr. Þjónusta Snerpu er áætluð tæplega 3 m.kr og áætlaður kostnaður vegna annarra liða er tæplega 7 m.kr.

Starfsmannakostnaður

Sem fyrr er fyrirhugað að hafa árshátíð Ísafjarðarbæjar annað hvert ár (á sléttri tölu) og svo starfsmannadag á móti hitt árið (á oddatölu). Starfsmannadagur verður því árið 2025 og er áætlaður kostnaður við hann um 5,2 m. kr.

Ætlunin er að kaupa áfram aðgang að fræðsluvef Akademias.is, í gegnum fræðslukerfið LearnCove, til að minnsta kosti eins árs. Það er afar aðgengilegur vettvangur fyrir símenntun og þjálfun starfsmanna en þar má meðal annars nálgast fræðslu um vinnuvernd, heilsueflingu, leiðtogafræði, samskipti og teymisvinnu, hugbúnað og upplýsingatækni. Stór hluti fræðslunnar hefur verið textaður og er hún því aðgengileg breiðari hóp starfsfólks. Áætlaður kostnaður er um 4,3 m.kr sem fæst endurgreiddur að hluta með styrkjum frá fræðslusjóðum stéttarféлага. Sömuleiðis er ætlunin að kaupa áfram aðgang að appinu *Bara tala* fyrir það starfsfólk Ísafjarðarbæjar sem er af erlendu bergi brotið. *Bara tala* er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni. Með notkun sjónrænna vísbendinga og mynda geta notendur auðveldlega bætt orðaforða sinn, hlustunarfærni og hagnýtt minni, sem gefur, þegar fram í sækir, aukið sjálfstraust þegar íslenska er töluð. Kostnaður er um 700.000 kr.

Gert er ráð fyrir 4,3 m.kr. vegna utanaðkomandi ráðgjafar, bæði lögfræði- og sérfræðiráðgjafar í starfsmannamálum, en krefjandi starfsmannamál eru því miður að verða algengari á vinnustöðum almennt. Inni í þessari tölu er sömuleiðis kostnaður við viðhaldsúttektir iCert vegna jafnlaunavottunar.

Stjórnendapjálfun 2023 mæltist mjög vel fyrir og því eru 800.000 kr. ætlaðar í frekari stjórnendapjálfun auk 350.000 kr. í ýmiss námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur fyrir forstöðumenn og mannauðsstjóra.

Gert er ráð fyrir 3 m.kr. í jólagjafir og 760.000 kr. í páskaegg og um 1,35 m.kr. í íþróttastyrk. Liður í heilsueflingu á vinnustöðum Ísafjarðarbæjar og þar sem Ísafjarðarbær er heilsueflandi samfélag, er jafnframt gert ráð fyrir að um þriðjungur starfsmanna fari í heilsufarsskoðun og um 100 starfsmenn í inflúenssprautu. Heildarkostnaðurinn þar er um 1,35 m.kr.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

Samkvæmt 21. gr. [reglugerðar nr. 1212/2015](#), um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, ber Aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til B-hluta fyrirtækja til að mæta rekstrarhalla þeirra í þeim tilvikum sem þeim er falið að sjá um lögbundin verkefni eða önnur venjubundin verkefni, svo sem félagslegar þjónustustofnanir. Hjúkrunarheimilið Eyri er þó rekið með viðvarandi rekstrarhalla en ekki er gert ráð fyrir framlagi til þess þar sem viðræður eru í gangi við ríkissjóð um nýjan samning sem kæmi til móts við rekstrarhalla þess. Á árinu 2025 er áætlað framlag til Byggðasafns Vestfjarða að fjárhæð 40,7 m.kr.

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Í árslok 2025 er áætluð lífeyrisskuldbinding Ísafjarðarbæjar 2.590 m.kr. Krafa Ísafjarðarbæjar á lífeyrissjóðinn Brú um fyrirframgreiðslu vegna lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs er í árslok 2025 ráðgerð 288 m.kr. Útreikningar gera ráð fyrir 6% launahækkun. Heildarbreyting lífeyrisskuldbindinga nemur 151,6 m.kr. og er þar af vegna A hluta 143,4 m.kr.

ÓVENJULEGIR LIÐIR

Á deild 27100, óvenjulegir liðir, eru ófyrirséð laun áætluð, að fjárhæð kr. 20 m.kr., til að mæta langtíma-veikindum og kjarasamningshækkunum.

MENNINGARMÁL

Árið 2022 var sett menningarstefna fyrir Ísafjarðarbæ og samhliða henni aðgerðaáætlun. Menningarmálanefnd hefur samþykkt verkefni ársins 2022 sem að hluta eru rekstartengd og að hluta komið fyrir í framkvæmdaáætlun, með samþykki bæjarstjórnar. Samkvæmt stefnunni er lagt upp með að starfandi sé menningarfulltrúi hjá sveitarfélaginu. Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir 50% stöðugildi vegna þess og má þannig finna ýmsum verkefnum farveg sem setið hafa á hakanum til að vinna frekar að aðgerðum með menningarstefnu.

Safnahúsið

Áætlað er að vinna áfram að endurnýjun Safnahússins, enda horft til þess að gera húsið sem glæsi-legast fyrir 100 ára afmæli þess 17. júní 2025. Framkvæmdir í kjallara hafa gengið ágætlega og í árslok 2025 er gert ráð fyrir að aðeins eigi eftir að skipta út gleri og gluggum að hluta og endursteypa útidyratröppur.

Forstöðumenn gera ráð fyrir að betrubæta barnadeildina innanhúss, með endurnýjun leskróks, vinnuborðs og frekari hugmyndum frá arkitekt. Áætlaðar eru 2 m.kr. vegna þessa.

Síðustu misseri hefur verið unnið ötullega að aukningu á starfsemi bókasafnsins, til dæmis með mánaðarlegri kvöldopnun, starfsemi bókaklúbbs, barnasmiðjum í skólalokunum, sumarlestri barna, námskeiðum, rithöfundaspjalli, foreldramorgnum og samstarfi við Háskólasetrið. Áfram verður unnið að þessari fjölbreyttu dagskrá fyrir bæjarbúa, enda stefna safnsins að auka aðgengi og áhuga sem flestra.

Auk þessa er gert ráð fyrir sérstakri opnun á stærri skipadögum í launaáætlun, en beiðni þar að lútandi hafði borist frá bæjarfulltrúum.

Starfsemi héraðsskjalasafns og ljósmyndasafns er að mestu í óbreyttri mynd, en sífellt fjölgar fyrirspurnum og verkefnum. Bætt vinnu- og geymsluaðstaða með leigu fyrir safnkost í Sindragötu hefur gert gæfumuninn fyrir starfsemina. Á árinu 2024 samþykkt Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra að leggja niður Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar og Rögnvalds Ólafssonar, sem stóð að baki Listasafni Ísafjarðar, enda safnið í raun og veru rekið af sveitarfélaginu. Með því færðust allar eignir sjóðsins til sveitarfélagsins, listaverk og óverulegir fjármunir. Starfsmaður Listasafnsins hefur verið í 50% starfi og unnið ótult starf við skrásetningu verka og uppsetningu sýninga í Listasalnum.

Tjöruhúsið

Húsaleigutekjur fyrir Tjöruhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði eru um 6 m.kr. á ári, í samræmi við nýjan samning sem gerður var 2023.

Leikhús

Samningur er um árleg þjónustukaup af Kómedíuleikhúsinu, að fjárhæð kr. 1.750.000 árlega, en skyldur leikhússins eru ýmsar sýningar fyrir íbúa sveitarfélagsins, svo sem á 17. júní og fyrir leikskóla- og skóla- hópa og heldri borgara. Í sama samningi er styrkur til leikhússins um leiklistaraðstöðu að Vallargötu 3 en verðmat er um 420-450 þ.kr. í formi húsnæðis, hita og rafmagns og innri leigu, auk viðhalds ef til þess kemur.

Þá er gildur styrktarsamningur við ActAlone, um 700 þ.kr. árlegan styrk, auk þjónustu þjónustumiðstöðvar, en hátíðin er haldin í ágúst á hverju ári.

Félagsheimili

Fjögur félagsheimili eru í eigu sveitarfélagsins; í Hnífsdal, Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Rekstur er óbreyttur á milli áætlana. Mikilvægt er þó að huga að því að samræma rekstur húsanna og/eða framtíð þeirra.

Félagsheimilið á Þingeyri er í rekstri og meginrekstrarkostnaður greiddur af sveitarfélaginu. Þá er samningur við húsvörð um mánaðarlega þóknun, sem á að ganga til reksturs hússins, viðburða- og utanumhalds, þrifa og fleira. Gert er ráð fyrir framkvæmdum í húsinu á næsta ári í framkvæmda- og viðhalds-áætlun, en nauðsynlegt er að endurnýja gólf og glugga, auk viðhalds á þaki og þakrennum.

Félagsheimilið á Suðureyri hefur verið á forræði Hofsú (Hollvinasamtaka félagsheimilisins á Suðureyri) en rekstrarsamningur var endurnýjaður í upphafi árs 2023 og gildir til ársloka 2032.

Félagsheimilið á Flateyri hefur verið í lítilli notkun síðustu mánuði, en er leigt út til þeirra sem vilja nota það, í samræmi við gjaldskrá. Rétt skráning eignarhalds Ísafjarðarbæjar er á lokametrinum og rétt að meta næstu skref varðandi framtíð hússins.

Félagsheimilið í Hnífsdal er á forræði Björgunarsveitarinnar í Hnífsdal sem hluti af styrktarsamningi, en Ísafjarðarbær greiðir allan fastan rekstrarkostnað. Á árinu 2023 var leikskólinn í Hnífsdal seldur og var

ákveðið að söluhagnaður skyldi nýttur til viðhalds og enduruppbyggingar félagsheimilisins sem er að verða allt hið fegursta.

Aðrar hátíðir

Ísafjarðarbær heldur úti nokkrum bæjarhátíðum og/eða -skemmtunum í sínu nafni. Um er að ræða Veturnætur, tendranir jólaljósa, brennur um áramót, Skíðavíkuna og 17. júní, auk ýmissa viðburða á vegum annarra en Ísafjarðarbæjar sem eru styrktir með fjárframlagi eða vinnuframlagi.

Fjárhæð áætlunar vegna þeirra eru alls 6,3 m.kr. auk millifærslna vegna, meðal annars, þjónustu áhaldahúss. Hækkun skýrist að öðu leyti af hækkun verðlagi og bættri skilgreiningu á millifærslukostnaði vegna vinnu áhaldahúss. Áætlanir eru þó um að gera 17. júní hátíðahöldunum sérstaklega hátt undir höfði árið 2025, til dæmis með stærri tónleikum í Blómagarðinum. Auk þessa er gert ráð fyrir auknu fjármagni vegna 100 ára afmælis Safnahússins árið 2025.

Áfram verður horft til þess að fá aðkeypta þjónustu við utanumhald og skipulagningu stærstu viðburðanna, auk þess sem gert er ráð fyrir fjármagni til kaupa á skemmtiatriðum.

Ýmsir styrkir

Ísafjarðarbær greiðir ýmsa styrki vegna menningarmála og eru hátíðirnar Aldrei fór ég suður, ActAlone, Cycling Westfjords og Hlaupahátíðin með langtíma styrkjasamninga, bæði í formi fjármuna og vinnu áhaldahúss. Aðrir fastir langtímastyrkir eru vegna fasteignagjalda til félagasamtaka, Ísafjarðarbiós, Edinborgarhússins, Tónlistarskólans og heiðursborgara, samtals um 8,8 m.kr.

Menningarstyrkir ársins 2025 eru áætlaðir 3,5 m.kr. og horft til 500 þ.kr. hækkunar frá fyrra ári í ljósi mikillar kostnaðaraukningar síðustu misseri vegna verðbólgu. Gert er ráð fyrir minniháttar fjármagni og vinnu áhaldahúss vegna annarra tilfallandi verkefna. Gert er ráð fyrir ýmsum minni háttar styrkjum, bæði í formi beins fjármagns, millifærslna, aðkeyptrar þjónustu og greiðslu sorpgjalds.

ATVINNU- OG FERÐAMÁL

Atvinnumál

Gert er ráð fyrir greiðslu til Blábankans verði samningur endurnýjaður, en núverandi samningur rennur út í lok árs 2024. Í nágildandi samningi er um ræða styrk/þjónustugjöld auk 25% starf. Áætlun gerir ráð fyrir 6 m.kr. árlega.

Tjaldsvæði

Rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal var boðinn út á árinu og gengið var til samninga við rekstraraðila fyrir sumarið. Samið var til 10 ára og fær Ísafjarðarbær 4 m.kr. greiddar á ári. Óvissa er með rekstraraðila á Flateyri, en þar var samið tímabundið við rekstraraðila í þrjá mánuði sumrin 2022 og 2023. Tjaldsvæðið á Þingeyri er rekið af íþróttamiðstöð Þingeyrar. Gert er ráð fyrir viðhaldi þjónustuhúss upp á 1,8 m.kr.

Framlög til ferðamála og ýmsir styrkir

Gert er ráð fyrir fjármagni til Markaðsstofu Vestfjarða, alls 4,3 m.kr. í samræmi við ákvörðun Fjórðungspings.

Aðrir kostnaðarliðir sem áður tilheyrðu deild 13, atvinnu- og ferðamálum, hafa verið færðir á aðrar deildir, svo sem rekstur upplýsingamiðstöðvar á Ísafirði og Koltru á Þingeyri, prentun ferðakorta, og rekstur almenningssalerna fyrir ferðafólk. Þá hefur kostnaður vegna reksturs FabLab á Ísafirði verið færður undir fræðslumál.

Fjórðungssamband Vestfjarða og Vestfjarðastofa

Gert er ráð fyrir hækkun á framlagi til Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu í samræmi við ákvörðun Fjórðungspings.

	2024		2025	
	Ársgreiðslur	Mánaðargreiðslur	Ársgreiðslur	Mánaðargreiðslur
Rekstur skrifstofu	6.493.238	541.103	6.992.243	582.687
Markaðsstofa	4.032.091	336.008	4.343.666	361.972
Menningarmál	5.184.117	432.010	5.244.182	437.015
Umhverfi	2.618.241	218.187	2.648.577	220.715
Atvinnuþróun	4.084.456	340.371	4.396.638	366.387
Hringrásarfulltrúi			2.648.577	220.715
Samtals	22.412.143	1.867.679	26.273.883	2.189.490

Tafla 11: Samanburður árstíllaga 2024 og 2025.

UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum, hreinlætismálum, skipulags- og byggingarmálum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, eignasjóði Ísafjarðarbæjar og Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Undir umhverfis- og eignasvið heyrir einnig þjónustumiðstöð, vatnsveita, fráveita og Funi sorpeyðingarstöð.

HREINLÆTISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ásamt sorphirðu og sorpeyðingu heyrir undir hreinlætismál. Tvær samþykktir eru um málaflokkinn; Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 2015 og Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Ísafjarðarbæ frá 2023.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Engar tillögur liggja fyrir um hækkun gjaldskrár Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða en gera má ráð fyrir hækkun í samræmi við vísitölu launa og neysluverðs. Framlag Ísafjarðarbæjar miðast við íbúahlutfall og er sveitarfélagið með tæplega 53% af íbúafjöldanum. Framlag sveitarfélagsins er í samræmi við það og er áætlað að lögbundið framlag Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2025 verði 15,4 m.kr. og að heildarrekstrar-kostnaður Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, verði um 71 m.kr.

Sorphirða og sorpeyðing

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna samnings milli Ísafjarðarbæjar og Kubbs geti numið um 148 m.kr. árið 2025 og kostnaður við urðun í Fíflholti um 20 m.kr. Þjónustugjöld vegna sorphirðu nema um 130 m.kr. og endurgreiðslur vegna urðunar í Fíflholti um 20 m.kr.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Tæknideild

Kostnaður við verkfræði- og lögfræðiþjónustu fyrir árið 2025 er áætlaður 1,5 m.kr., fyrir árið 2025 vegna aðkeyptrar þjónustu, til dæmis vegna lóðamælinga og útsetningu lóða.

Ráðið var í stöðu deildarstjóra á umhverfis- og eignasviði á árinu, en staða skipulagsfulltrúa hefur verið auglýst ítrekað án árangurs. Ljóst er að skortur er á hæfum umsækjendum. Þetta vandamál hefur tafið ráðningarferli og haft áhrif á framkvæmd skipulagsmála sveitarfélagsins. Mikilvægt er að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að staðan verði fyllt eins fljótt og unnt er til að tryggja eðlilega framvindu skipulagsverkefna.

Svæðisskipulag

Vinna við nýtt svæðisskipulag fyrir Vestfirði hófst á árinu 2024 og var framlag ársins vegna þeirrar vinnu 2.6 m.kr. á árinu. Á árinu 2025 má búast við að meiri vinna verði lögð í gerð skipulagsins og er áætlað að framlag Ísafjarðarbæjar verði 5,7 m.kr.

Aðalskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu er áætlaður 15 m.kr. árið 2025. Kostnaðurinn kemur til vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og annarra verkefna í vinnslu.

Samstarfi við skipulagsráðgjafa vegna endurskoðunar aðalskipulags var slitið og er unnið að nýjum samningi við annan ráðgjafa. Lögð er áhersla á að vinna við nýtt aðalskipulag hefjist í lok árs og að verkið klárast á um tveimur árum.

Endurgreiðslur úr Skipulagssjóði nema 50% af kostnaði við endurskoðun aðalskipulagsins, með vísan í 3. tölulið 18. gr. skipulagslaga 123/2010.

Deiliskipulag

Kostnaður við verkfræði- og arkitektþjónustu var áætlaður 12 m.kr. árið 2024. Kostnaðurinn felst í gerð deiliskipulags vegna fjölgunar íbúðalóða í sveitarfélaginu. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir miðbæ Ísafjarðar, nýtt deiliskipulag við Tunguskeið, áfangi II, ásamt því að endurskoðun deiliskipulags við Torfnæs er í vinnslu vegna nýs verkmenntahúss og stækkun Sólborgar.

Gert er ráð fyrir því að bæta fé í málaflokkinn vegna stórra verkefna sem bæjarstjórn hefur nú heimilað, til að mynda endurskoðun miðbæjarskipulags, Á árinu 2025 er 12 m.kr. áætlað í aðkeypta þjónustu skipulagsráðgjafa og 760 þ.kr. í aðra þjónustu, til dæmis auglýsingar í blöðum og öðrum miðlum.

Byggingarfulltrúi

Gert er ráð fyrir að byggingarleyfisgjöld og stöðuleyfisgjöld verði um 4,5 m.kr. Kostnaður við að fjarlægja leyfissskilt lausafé er áætlaður 1,0 m.kr., sá kostnaður bókast á lóðahreinsun en verður að fullu á forræði byggingarfulltrúa. Önnur aðkeypt þjónusta er útsetning lóða og lögfræðiþjónusta, um 2 m.kr.

UMFERÐAR- OG ÖRYGGISMÁL

Gatnagerðargjöld


Erfitt getur verið að áætla í málaflokknum, þó sérstaklega fyrir árið 2025 þar sem vaxtastig hefur verið óheppilegt og verktakar haldið að sér höndum. Gert er ráð fyrir hófsamari spá fyrir árið 2025 eða um 5 m.kr. við lóðir við þegar byggðar götur.

Viðhald gatna

Helstu kostnaðarliðir við viðhald gatna eru tilfallandi viðhald, um 20,0 m.kr.. Áætlað er að fara í endurlögn við Silfurtorg, sem frestaðist frá fyrra ári vegna annarra verkefna, svo sem að það var sett klæðning á Suðurtanga og inni í Engidal.

Snjómokstur og hálkueyðing

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er nokkuð breytilegur milli ára og alla jafna er miðað við meðaltal kostnaðar síðustu fimm ára við ákvörðun kostnaðar í áætlun. Árið 2025 er gert ráð fyrir 83,7 m.kr. í snjómokstur.



Graf 20: Kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir 2021-2023 ásamt áætlun 2024 og 2025.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru samkvæmt samningi við Vestfirskar ævintýraferðir ehf. um almenningssamgöngur og skólaakstur í Ísafjarðarbæ. Inni í samningnum er akstur á kvöldin í tengslum við opnun félagsmiðstöðva. Áætlaður kostnaður árið 2025 er 72,5 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 2,5 m.kr. í að endurnýja bíðskýli eftir þörfum. Áætlað er að bjóða út að nýju á árinu 2025.

UMHVERFISMÁL

Skrúður

Gert er ráð fyrir fjölgun ferðamanna í Skrúð í Dýrafirði á árinu 2025 og aukinni innkomu. Baukur er á staðnum sem tæmdur er reglulega. Tekjur af ferðamönnum eru áætlaðar 1,9 m.kr. Aðkeypt þjónusta vegna salerna er áætluð um 500 þ.kr.

Almenningsgarðar

Áætlaður kostnaður vegna almenningsgarða á árinu 2025 er 1,5 m.kr. en þar af er viðhaldskostnaður um 700 þ.kr. meðal annars kaup á sumarblómum og áburði.

Opin svæði

Áætlun opinna svæða er óbreytt á milli ára. Sláttur var boðinn út árið 2024 og er áætluð aðkeypt þjónusta 12,9 m.kr. á árinu 2025, útbóðsverð eru óbreytt frá fyrra útbóði, verð hafa þó verið uppfærð með tilliti til vísitölu.

Umhirða gatna

Umhirða gatna er í umsjón áhaldahúss, áætlaður kostnaður á árinu 2025 er 35,7 m.kr.

Lóðahreinsun

Áætlaðar eru 4,25 m.kr. í lóðahreinsun í sértæk verkefni á opnum svæðum á árinu 2025.

Skreytingar jól og aðrar hátíðir

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna skreytinga verði um 5,25 m.kr. árið 2025 en starfsmaður garðyrkju-deildar sér um skreytingar á opnum svæðum í öllum kjörnum, ásamt Hlíf og Eyri. Jafnframt gert ráð fyrir viðhaldi á seríum. Ákall hefur verið um aukið framlag til skreytinga, sérstaklega þó á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri.

Minka- og refaeyðing

Áætlun minka- og refaeyðingar er óbreytt á milli ára en gert er ráð fyrir 3,8 m.kr. Skotveiðifélag Ísafjarðar hefur séð um refaeyðingar samkvæmt samningi og samið var við Búnaðarfélagið Bjarma um minkaeyðingu.

Fjallskil, fjárgirðingar og fjárréttir.

Áætlun fjallskila hækkar aðeins með tilliti til vísitöluhækkana en er að öðru leyti óbreytt á milli ára. Gert er ráð fyrir 1,2 m.kr. í smölun á Dynjandisheiði, Fjallaskaga og í nefndarlaun. Smölun á svæðunum hefur verið í höndum björgunarsveita. Gera má ráð fyrir því að kostnaður verði við áframhaldandi vinnu við fjárgirðingar, sérstaklega í kringum Flateyri og úrbætur í Skutulsfirði. Gert er ráð fyrir 7 m.kr. í endurnýjun fjárgirðingar á árinu 2025.

EIGNASJÓÐUR

Árið 2025 er gert ráð fyrir 180 m.kr. í viðhald á fasteignum eignasjóðs.

Íþróttamannvirki

Gert er ráð fyrir endurnýjun á perustæðum í ljósamöstrum æfingarvallar á Torfnesi, 3 m.kr.

Á Þingeyri kom upp óvæntur leki í sundlaugarkeri í lok árs 2023, sem varð til þess að endurnýjun glugga frestaðist. Áætlað er að fara í endurnýjun glugga íþróttamiðstöðvarinnar í nokkrum skrefum og á næsta ári verði varið í það 5 m.kr.

Gert er ráð fyrir 2 m.kr. í tilfallandi viðhald íþróttamannvirkja á Suðureyri, málun útipotta og þess háttar.

Skólahúsnæði

Helstu áskoranir í viðhaldi fasteigna eignasjóðs Ísafjarðarbæjar eru í skólahúsnæði í sveitarfélaginu. Um er að ræða stór viðhaldsverkefni sem snúa að þakvirki. Skipta þarf um þak á Grunnskóla Öfundarfjarðar, en mannvirkið er byggt um 1960 og miðað við ástands þaks má leiða að því líkum að um sé að ræða upprunalegt járn. Í Grunnskólanum á Ísafirði var skipt um glugga við Austurveg á árinu 2024. Árið 2025 er áætlað að skipta um þakdúk yfir álmunni sem snýr út að Austurvegi. Í þessi tvö verkefni er gert ráð fyrir að kostnaður sé 60 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir 5 m.kr. í viðhaldi lóðar GÍ sem er farin að láta verulega á sjá eftir bæði notkun og snjómokstur.

Á leikskólanum Sólborg á Ísafirði hefur verið óskað eftir því að fataklefar barna verði endurnýjaðir með nýjum fataskápum og tilfærslu á þeim innan skólans. Um er að ræða kostnað sem er áætlaður um 11 m.kr.

Viðhald við skólahúsnæði á Suðureyri snýr einkum að leikskólanum Tjarnarbæ, þar sem áætlað er að mála húsnæðið að utan. Annað er tilfallandi viðhald við grunnskólann. Áætlaður kostnaður vegna viðhalds er 4,9 m.kr. þar af 3 m.kr. vegna málunar utanhúss á Tjarnarbæ.

Á Þingeyri er áætlað að mála utanhúss í Grunnskóla Þingeyrar, um 2,5 m.kr.

Annað húsnæði


Töluvert viðhald hefur verið við Safnahúsið á Ísafirði á árinu 2024 og gert er ráð fyrir áframhaldandi viðhaldi á árinu 2025. Í húsinu er töluvert af gleri sem þarf að endurnýja, um 400 gler og þar af er helmingur með móðu á milli glerja. Áætlað er að glerja fyrir 16 m.kr. á árinu 2025. Önnur stærri verkefni eru þakskipti í Smiðju í Neðstakaupstað, um 5 m.kr.

Viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar 2025

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Sérverkefni
Skólahúsnæði				
Ísafirði	Viðhald Sólborg, Tangi, Eyrarskjól	58.300.000	800.000	57.500.000
Flateyri	Viðhald Grænigarður og GÖ	35.100.000	5.100.000	30.000.000
Þingeyri	Viðhald Laufás og GP	3.900.000	900.000	3.000.000
Suðureyri	Viðhald Tjarnabær og GS	4.900.000	900.000	4.000.000
	Samtals skólahúsnæði	102.200.000	7.700.000	94.500.000
Íþróttamannvirki				
Ísafirði	Viðhald vallahús, íþróttahús Torfnesi og sundhöll	8.600.000	3.600.000	5.000.000
Flateyri	Viðhald íþróttahús og sundlaug	5.000.000	0	5.000.000
Þingeyri	Viðhald sundlaug	8.450.000	2.450.000	6.000.000
Suðureyri	Viðhald íþróttahús og sundlaug	2.000.000	1.000.000	1.000.000
	Samtals íþróttamannvirki	24.050.000	7.050.000	17.000.000
Þjónustubyggingar				
Ísafirði	Viðhald á Safnahúsi, slökkvistöð, Neðstakaupstað og félagsheimili Hnífsdal	38.150.000	4.350.000	33.800.000
Flateyri	Tilfallandi viðhald á félagsheimili Grundarstíg 21	200.000	200.000	0
Þingeyri	Tilfallandi viðhald Vallargötu 3	10.700.000	700.000	10.000.000
Suðureyri	Tilfallandi viðhald Hafnarbakka 1	250.000	250.000	
innskatt.	Tilfallandi viðhald þjónustuhús tjaldsvæðinu á ÞI	1.800.000		1.800.000
	Samtals þjónustubyggingar	51.100.000	5.500.000	45.600.000
Íbúðarhúsnæði Ísafirði	Tilfallandi viðhald Krambúð, Faktorshús, Sindragata og Sundstræti 14	1.600.000	1.600.000	
Friðlýst hús	Tilfallandi viðhald, Svarta pakkhúsið	500.000	500.000	
Ýmsar fasteignir	Tilfallandi viðhald, Suðurtangi 2	550.000	550.000	
	Samtals annað húsnæði	2.650.000	2.650.000	0
		180.000.000	22.900.000	157.100.000

Tafla 12: Áætlað viðhald Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar árið 2025.

Samanburður á viðhaldskostnaði Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar er sýndur í grafi 21.



Graf 21: Þróun viðhalds Eignasjóðs 2021-2025.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ — ÁHALDAHÚS


Ekki er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda í áhaldahúsi milli ára. Launakostnaður áhaldahúss verður um 128,3 m.kr. árið 2025, samanborið við 109,1 m.kr. í áætlun 2024. Hækkunina má rekja til breytinga á starfsmati og hækkunar kjarasamninga. Verkefnum áhaldahúss hefur fjölgað, meðal annars vegna tilkomu grenndargáma sem starfsfólk áhaldahúss sér um að tæma. Þá hafa skemmtiferðaskipin áhrif á störf áhaldahússins, bæði vegna þess að starfsfólk tekur að sér að taka á móti skemmtiferðaskipum fyrir höfnina og þörf á þrifum í miðbæ Ísafjarðar og losun ruslatunna eykst mjög á stórum skipadögum.

Viðhald áhaldahúss

Endurnýja þarf glugga í húsnæði á Stakkanesi og bæta klæðningu á húsnæði á Kirkjubæ.

Viðhald áhaldahúss 2025					
Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Innri vinna	Sérverkefni
Áhaldahús Ísafirði	Viðhald Stakkanes og Kirkjubær	4.752.000	1.952.000	2.800.000	0
Vinnuvélar	Tilfallandi viðhald á 8 tækjum	4.950.000	2.750.000	2.200.000	0
Smávélar og bifreiðar	Tilfallandi viðhald á 9 tækjum	4.700.000	1.100.000	3.600.000	0
Samtals		14.402.000	5.802.000	8.600.000	0

Tafla 13: Áætlað viðhald áhaldahúss 2025.



Graf 22: Þróun viðhalds áhaldahúss 2021-2025.

FUNI — FASTEIGNIR

Gert er ráð fyrir 5,0 m.kr. í tilfallandi viðhaldi á húsnæði Funa á árinu 2025 og 1,5 m.kr. í viðhald girðingar umhverfis lóð og annað smálegt.

VATNSVEITA

Rekstur og gjaldskrá vatnsveitu


Um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 32 frá 2004](#) og [reglugerð nr. 401 frá 2005](#). Þar segir að stjórn vatnsveitu skuli samþykkja langtímaáætlun fyrir veituna þar sem meðal annars er gerð grein fyrir áformum um framkvæmdir á hverju gjaldskrársvæði veitunnar á næstu fimm árum hið skemmsta. Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitna af sölu vatns standi undir rekstri hennar, þar með töldum fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Í gjaldskrá vatnsveitu fyrir 2025 er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Ólík gjöld eru fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og annað húsnæði hins vegar. Á árinu 2024 var starfssvæði vatnsveitu skipt upp í veitusvæði og er sérstök gjaldskrá því fyrir hvert veitusvæði, sem eru þó eins á öllum svæðum á árinu 2025. Eru væntingar um að með þessu móti verði hægt að miða gjaldskrá hvers veitusvæði út frá rekstri þess ásamt því að þetta leiði til þess að jafna kostnað á milli byggðakjarna.

Áætlaðar þjónustutekjur fyrir árið 2025 eru 41,4 m.kr. og áætlað er að sölutekjur verði um 18 m.kr. Heildartekjur 59,5 m.kr. án millifærðra tekna. Heildartekjur vatnsveitu fyrir árið 2025 eru áætlaðar 69,5 m.kr. en áætlað tap á vatnsveitu á árinu 2025 er 17,4 m.kr. Langtímaáætlun vatnsveitu gerir ráð fyrir að rekstur veitunnar verði rekinn í halla til 2032 en þá verður krafa á aðalsljóð uppgreidd.

Gjöld vatnsveitu						
Veitusvæði	Áætlað veitugjald 2025			Veitugjald 2024		
	A húsnæði	B og C húsnæði	Samtals	A húsnæði	B og C húsnæði	Samtals
Veitusvæði 400 - Ísafjörður	5.040.812	25.337.539	30.378.351	4.635.703	24.635.861	29.271.564
Veitusvæði 410 - Hnífsdalur	408.632	2.098.069	2.506.701	378.071	2.043.174	2.421.245
Veitusvæði 425 - Flateyri	561.044	3.318.711	3.879.755	525.119	3.249.998	3.775.117
Veitusvæði 430 - Suðureyri	520.088	2.913.562	3.433.650	473.205	2.498.908	2.972.113
Veitusvæði 470 - Þingeyri	627.064	3.605.580	4.232.644	577.170	3.513.892	4.091.062
	7.157.640	37.273.461	44.431.101	6.589.268	35.941.833	42.531.101

Tafla 14: Gjöld vatnsveitu 2025 eftir byggðakjörnum og tegund húsnæðis, samanborið við álagningu 2024.




Graf 23: Þróun reksturs vatnsveitu 2021-2025.

Viðhald vatnsveitu

Stærsti kostnaðarliður viðhalds er vegna endurnýjunar á heimæðum. Erfitt er að áætla fjölda þeirra heimæða sem þarf að endurnýja með nákvæmri vissu þar sem það er háð framkvæmdum einstaklinga og fyrirtækja. Annar kostnaður er vegna reglubundins viðhalds.

Viðhald vatnsveitu 2025					
Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Innri vinna	Sérverkefni
Vatnsveita, selt vatn	Nýir vatnsmælur	2.000.000	0	0	2.000.000
Vatnsveitur	Tilfallandi viðhald, m.a. endurnýjun á dælum	7.936.000	6.200.000	1.736.000	0
Dreifikerfi	Tilfallandi viðhald	12.882.000	3.100.000	3.782.000	6.000.000
Heimæðar	Tilfallandi viðhald	15.580.000	10.000.000	5.580.000	0
Vatnsveita, yfirstjórn	Mælaálestur	992.000	0	992.000	0
	Samtals viðhald:	39.390.000	19.300.000	12.090.000	8.000.000

Tafla 15: Sundurliðun áætlaðs viðhalds vatnsveitu 2025.



Graf 24: Þróun viðhalds vatnsveitu 2021-2025.

FRÁVEITA

Rekstur og gjaldskrá fráveitu

Um uppbyggingu og rekstur fráveitna í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 9 frá 2009](#) og [reglugerð nr. 982 frá 2010](#). Þar segir að miða eigi við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar og uppbyggingu, þar með töldum fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Í gjaldskrá fráveitu fyrir 2025 er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Sama gjald er fyrir bæði íbúðarhúsnæði og annað húsnæði. Starfssvæði fráveitu er skipt upp í fráveitusvæði og er sérstök gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði, sem eru þó eins á öllum svæðum á árinu 2025. Með þessu móti er hægt að miða gjaldskrá hvers veitusvæðis út frá rekstri þess ásamt því að jafna kostnað á milli byggðakjarna óháð tegund húsnæðis.


Rekstrarafgangur fráveitunnar er áætlaður 23,6 m.kr. fyrir árið 2025 samanborið við 40 m.kr. í áætlun 2024. Ljóst er að töluverð þörf er á innviðafjárfestingu í fráveitu á næstu árum.

Með tilliti til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum 8. gr. a, og laga nr. 9/2009, um meðhöndlun fráveituvatns, eru gerðar kröfur um að sveitarfélög tryggi fullnægjandi hreinsun fráveituvatns og uppbyggingu hreinsivirkja. Ísafjarðarbær vinnur að úrbótum í þessum efnum og hefur lagt áherslu á langtímaáætlanir sem taka mið af bæði viðhaldi og nauðsynlegum fjárfestingum.

Til að uppfylla þessar kröfur er unnið að sameiningu útrása í öllum kjörnum og uppbyggingu hreinsistöðva. Þá er jafnframt lögð áhersla á viðhald núverandi lagnakerfis vegna aldurs þess. Fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir að afgangur fráveitunnar verði 40–50 milljónir króna árlega næstu árin, með áætluðum fjárfestingum upp á 50–70 milljónir króna á ári.

Gjöld fráveitu						
Veitusvæði	Áætlað fráveitugjald 2025			Fráveitugjald 2024		
	A húsnæði	B og C húsnæði	Samtals	A húsnæði	B og C húsnæði	Samtals
Veitusvæði 400 - Ísafjörður	51.270.609	36.611.552	87.882.161	50.221.391	36.902.992	87.124.383
Veitusvæði 410 - Hnífsdalur	3.915.333	1.377.667	5.293.000	3.905.797	1.377.667	5.283.464
Veitusvæði 425 - Flateyri	5.545.014	4.531.691	10.076.705	5.613.994	4.509.054	10.123.048
Veitusvæði 430 - Suðureyri	5.287.867	3.936.312	9.224.179	5.211.163	3.278.637	8.489.800
Veitusvæði 470 - Þingeyri	6.413.791	5.317.102	11.730.893	6.369.141	5.317.102	11.686.243
	72.432.614	51.774.324	124.206.938	71.321.486	51.385.452	122.706.938

Tafla 16: Gjöld fráveitu 2025 eftir byggðakjörnum og tegund húsnæðis, samanborið við álagningu 2024.




Graf 25: Þróun reksturs fráveitu 2021-2025.

Viðhald fráveitu

Eins og áður segir eru lagnir í sveitarfélaginu komnar vel til ára sinna. Erfitt getur reynst að áætla fyrir viðhaldi á holræsum þar sem ástand lagna er ekki nógu gott í eldri byggðakjörnum, þá helst á eyrinni á Ísafirði. Tekið var mið af viðhaldspörf síðustu ára við áætlun 2025, ekki er gert ráð fyrir að malbikað verði á árinu 2025, nema á hluta hafnarvæðis og telur það ekki til viðhalds. Almennt þegar það er malbikað má gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna viðhalds.

Viðhald fráveitu 2025					
Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Innri vinna	Sérverkefni
Viðhald holræsa	Tilfallandi viðhald	32.680.000	24.000.000	8.680.000	0
Dælustöð Hafnarstræti ÍS	Tilfallandi viðhald	2.600.000	2.600.000	0	0
Skolpdælustöð FL	Tilfallandi viðhald	860.000	550.000	310.000	0
Hreinsivirki FL	Tilfallandi viðhald	100.000	100.000	0	0
Hreinsivirki SU	Tilfallandi viðhald	100.000	100.000	0	0
	Samtals viðhald:	36.340.000	27.350.000	8.990.000	0

Tafla 17: Sundurliðun áætlaðs viðhalds fráveitu 2025.



Graf 26: Þróun viðhalds fráveitu 2021-2025.

EYRI


Árið 2025 er ekki gert ráð fyrir teljandi viðhaldi við mannvirkið. Bæjarstjórn hefur auglýst mannvirkið til sölu og eru horfur um áframhaldandi eignarhald óljósar.

FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

REKSTUR FASTEIGNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Gert er ráð fyrir 44,3 m.kr. í viðhaldi á eignum Fastís ehf. árinu 2025. Helstu áskoranir í viðhaldi eru vegna fasteignar við Pollgötu 4, þakjárn á Pollgötu er illa farið ásamt innbyggðum rennum, áætlað er að skipta um þakjárn. Áfram er gert ráð fyrir fækkun íbúða í eignasafni Fasteigna Ísafjarðarbæjar.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar eiga níu íbúðir óseldar, það eru fjórar í Stórholti og tvær í Fjarðarstræti á Ísafirði og þrjár íbúðir á Dalbraut í Hnífsdal. Væntingar eru um að fjórar íbúðir seljist fyrir áramót, annað á árinu 2025. Áætlað er því að selja fimm íbúðir á árinu 2025 og er áætlað söluverð þeirra um 132,5 m.kr. Söluhagnaður vegna þeirra er 114,8 m.kr. og uppgreiðsla á lánum nemur um 62,9 m.kr.




Graf 27: Þróun reksturs Fasteigna Ísafjarðarbæjar 2021-2025.

VIÐHALD

Gert er ráð fyrir 58,2 m.kr. í viðhald á eignum Fastís á árinu 2025.

Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður	Tilfallandi viðhald	Sérverkefni
Íbúðir Ísafirði	Þak Pollgötu og tilfallandi viðhald	41.800.000	9.800.000	32.000.000
Íbúðir Þingeyri	Tilfallandi viðhald	7.237.000	237.000	7.000.000
Íbúðir Suðureyri	Tilfallandi viðhald	9.167.000	167.000	9.000.000
	Samtals viðhald íbúðir	58.204.000	10.204.000	48.000.000

Tafla 18: Áætlað viðhald Fasteigna Ísafjarðarbæjar árið 2025 í þ.kr.




Graf 28: Þróun viðhalds Fasteigna Ísafjarðarbæjar 2021-2025.


SLÖKKVILIÐ Í SAFJARÐARBÆJAR

STÖÐUGILDI OG LAUNAKOSTNAÐUR

Hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar er gert ráð fyrir 5,4 stöðugildum á árinu 2025, miðað við 4,9 stöðugildi á árinu 2024. Stöðugildi sjúkraflutninga fara úr 7,1 árið 2024 í 7,3 árið 2025.



Graf 29: Stöðugildi vegna brunamála og almannavarna 2021-2025.




Graf 30: Þróun launakostnaðar vegna brunamála og almannavarna 2021-2025.

REKSTRARKOSTNAÐUR


Rekstrarkostnaður slökkviliðs hækkar um 11,3 m.kr. og skýrist það að mestu vegna kjarasamningsbundinna hækkana launa.

Launakostnaður hækkar einnig vegna þrekálags, fleiri slökkviliðsmenn eru reykkafarar, sem fá greidda þóknun fyrir hættuleg reykkafara störf.

Lögð er til gjaldskrárhækkun upp á 6% vegna viðvarandi verðbólgu.



Graf 31: Rekstrartölur slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2021-2025.



Graf 32: Rekstrartölur sjúkraflutninga 2021-2025.

SLÖKKVILIÐ

Nám slökkviliðsmanna er í fastara formi en áður, með áframhaldandi samstarf við HMS. Þjálfunarstjóri heldur utan um allar æfingar og nám. Slökkviliðsmenn þurfa að ljúka náminu með skriflegu og verklegu prófi sem fer fram hér á Ísafirði. Námið endar á yfirtendrunargámi, sem er gámur með lifandi eldi og hita. Endurmenntun slökkviliðs er í 450 þ.kr vegna námskeiða í Reykjavík.

Lækkun er á kostnaði vegna efnalaugar, þvottur á eldgöllum, 200 þ.kr. Færri eldútköll og annar vinnu-fatnaður.

Verklegar æfingar á öllum slökkvistöðvum halda áfram einu sinni í mánuði undir stjórn þjálfunarstjóra. Allar stöðvar fá 6-8 æfingar á ári.

Mikið og gott samstarf er við hafnir Ísafjarðarbæjar, Landhelgisgæslu, lögreglu, Vegagerð og önnur slökkvilið.

Helsti kostnaður:


- Endurnýjun á einkennisfatnaði fyrir alla starfsmenn.
- Líkamsrækt, læknisskoðun og þolpróf, sem er skylda hjá slökkviliði.
- Vinnufatnaður/eldgallar eru á innkaupalista fyrir 5,4 m.kr. Mikil þörf á endurnýjun eldgalla.

SJÚKRAFLUTNINGAR

Samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga miðar við 350 flutninga á ári, 63,6 m.kr. á árinu 2025. Flutningar umfram 350 er rukkað sérstaklega fyrir. Samningurinn er vísitölutryggður og huga þarf að endurnýjun hans í lok árs 2024 þar sem hann rennur út um áramótin 2024/2025. Áfram verður keyptur inn vinnufatnaður fyrir 700 þ.kr. Einnig keyptur inn snjóflóðabúnaður, ýlar, bakpokar og ljós. Námskeiðsgjöld fara í 1,5 m.kr.

ÚTKÖLL

Fjöldi útkalla sjúkraflutninga fyrstu níu mánuði ársins 2024 voru 467 og fjöldi útkalla slökkviliðs á sama tíma voru 34.




Graf 33: Fjöldi útkalla sjúkrabíls og slökkviliðs 2021-2024 (30. september 2024).

SLÖKKVITÆKJAPJÓNUSTA

Slökkvilið fer yfir öll slökkvitæki sem eru í eigu bæjarins, einnig fyrir alla sem það kjósa. Mikil aukning er í sölu og yfirferð á slökkvitækjum. Eldvarnareftirlitsmenn fara í stofnanir bæjarins, skoða tækin og meta hvort þurfi að uppfæra eða endurnýja tækin. Áfram verða seld slökkvitæki og annar eldvarnarbúnaður hjá slökkviliðinu. Slökkvitækjapjónustan er í Hafnarhúsi.

Helsti kostnaður:

- Sendingakostnaður lækkar og verður 350 vegna hagstæða samninga við birgja.
- Sérhæfð verkfæri og annað tilfallandi, 170 þ.kr.



Graf 34: Rekstrartölur slökkvitækjapjónustu 2021-2025.

BRUNAHANAR OG REKSTUR BIFREIÐA

Brunahanar

Gert er ráð fyrir 1,4 m.kr. í innkaup og viðhald á brunahönum.

Rekstur bifreiða

Við rekstur bifreiða munar mest um lækkun á eldsneyti sem fer í 1,100 m.kr. Áætlun gerir ráð fyrir 1,8 m.kr. í viðhald bifreiða og annað eins í vinnu og efni.

Gert er ráð fyrir húsaleigukostnaði upp á 160 þ.kr. vegna Í-1501 sem er gamall Ford brunabíll og annar gamall Land Rover kemur til okkar á næsta ári frá slökkviliðssafni í Reykjanesbæ.

Önnur aðkeypt þjónusta hækkar og fer í 460 þ.kr. meðal annars vegna hækkandi verðs á aðalskoðun, dekkjaskiptum og umfelgun á dekkjum.

ALMANNAVARNIR OG NÁTTÚRUHAMFARIR

Öryggisþjónusta er áfram rekin af slökkviliði vegna vöktunar á brunaviðvörðunarkerfum, bæði fyrir stofnanir bæjarins og fyrirtæki úti í bæ. Vöktuðum kerfum er að fjölga. Hækkun verður á verði fyrir útköll.

Gert er ráð fyrir innkaupum á sýnileika- og aðgerðavestum. Einnig fatnaði fyrir snjóeftirlitsmenn fyrir 200 þ.kr.


Framlög til björgunarsveita 2,8 m.kr. Húsaleiga í Guðmundarbúð fyrir Almannavarnir og aðgerðastjórn verður 1,2 m.kr.

HAFNASJÓÐUR

SKEMMTIFERÐASKIP

Árið 2024 voru 186 komur skemmtiferðaskipa til hafna Ísafjarðarbæjar, með um 234.000 farþega. Farþegum fjölgaði því töluvert frá árinu 2023 þegar voru 187 komur skemmtiferðaskipa til hafna Ísafjarðarbæjar, með um 184.000 farþega.

Árið 2025 eru 199 komur skemmtiferðaskipa bókaðar en bókanir fyrir árið 2024 voru 196. Reiknað er með svipuðum afföllum árið 2025 og 2024 svo líkur eru á sama fjölda skipa á næsta ári en aðeins fleiri farþegum en 2024.



Graf 35: Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar 2021-2026.

Í ár var settur á fót sérstakur sumarviðburðasjóður fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar. Markmið sjóðsins var að styrkja og bæta bæjarbrag í tengslum við skemmtiferðaskipakomur, með áherslu á að efla menningu og mannlíf. Úthlutaðar voru 5 m.kr. úr sjóðnum í ár. Samið var við Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefnisins og reyndist það vel. Stefnt er að því að halda áfram með sjóðinn á næsta ári og er endurskoðun á hlutverki sjóðsins hafin, með það fyrir augum að útvíkka hlutverk hans. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. í sjóðinn árið 2025.

SJÁVARAFLI OG AFURÐAVERÐ


Svipað var landað af sjávarafli á árinu 2024 og árið 2023. Reikna má með því að það verði áfram.

Tekjur vegna útgerða smábáta á öllum starfsstöðvum hafnarinnar hafa verið nokkuð stöðugar og hefur smábátaútgerð á Suðureyri og Þingeyri verið mjög góð en dregið úr löndunum á Flateyri.


Tekjur vegna strandveiða hafa lítið breyst milli ára og er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum vegna þeirra. Þó svo að margir bátar séu á strandveiðum frá höfnum Ísafjarðarbæjar er vægi þeirra í heildarmyndinni lítið.

TEKJUR HAFNASJÓÐS

Áætlaðar tekjur Hafnasjóðs árið 2025 eru rétt rúmlega 1.000 m.kr.



Graf 36: Þróun tekna Hafnasjóðs 2021-2025.



Graf 37: Þróun á tekjum, gjöldum og rekstrarafgangi Hafnasjóðs 2021-2025.

Framkvæmdir við hafnir Ísafjarðarbæjar

Framkvæmdir við nýjan Sundabakka á Ísafirði eru langt komnar. Búið er að reka niður þil, setja kant-tré og höggvarnir úr gúmmí (fendera). Búið er að steypa þekju, þjónustuhús, setja upp ljósastaura og öryggisgirðing er frágengin. Verið er að vinna í raforkuvirki og er áætlað að það klárast fyrir áramót. Verið er að vinna í uppsetningu á myndavélakerfi.

Búið er að malbika meðfram steyptri þekjunni að girðingu meðfram Sundabakka 2 og útbúa og malbika nýtt rútubílastæði sem verður tekið í notkun sumarið 2025.

Dýpkun Sundabakka hefur tafist af ýmsum orsökum og er enn ekki lokið. Vonir standa til þess að búið verði að dýpka við Sundabakkann fyrir áramót og gefa út nýtt sjókort fyrir vorið.

Verið er að hanna móttökuhús, og gönguleiðir fyrir farþega frá Sundabakka yfir að Byggðasafni og Sundahöfn, að Mávagarði til að tryggja öryggi þeirra og aðskilja þá eins og hægt er frá vinnusvæðum á hafnarsvæðinu.

Stefnt er að því að höfnin taki þátt í að gatnagerð Hrafnatanga þar sem gatan verður flutnings- og aðkomuleið að Sundabakka þegar girðing er lokuð vegna hafnverndar. Mikil þörf er á að lengja viðlegukanta fyrir ferðaþjónustubáta í Sundahöfn, þar sem þeim hefur fjölgað og þeir stækkað undanfarin ár.

Stefnt er að því að fjölga viðleguplássum fyrir skútur og minni báta á Ísafirði og halda áfram frágangi og byggingu þjónustuhúss við gamla olíumúllann.

Áætlaðar eru 4,5 m.kr. í að gera áningarstað, bekki og lýsingu á fyrirstöðugarði við Norðurtanga.

Gert er ráð fyrir að endurnýja vigtarskúr harðviðarbryggju þar sem hann er orðinn mjög illa farinn. Þá á að setja upp varmaskipti í vinnurými í hafnarhúsinu til að minnka hitunarkostnað og fá jafnari hita. Endurnýja á eina bifreið og einnig að kaupa lítinn rafmagnsbíl til að þjónusta m.a. vatnssölu á Sundabakka. Verið er að vinna í endurnýjun og nútímavæðingu mæla sem eru fyrir endursölurafmagn á flotbryggjum hafnarinnar.

Suðureyri: Áætlað er að stækka höfnina og bæta við einni flotbryggju til að auka viðlegurými.


Þingeyri: Áætlað er að kaupa stál til að endurbyggja hafskipabryggjuna árið 2025.

Viðhaldsverkefni Hafnasjóðs eru nánar útlustuð í töflu 19 og þróun viðhalds í grafi 38.

Viðhald Hafnasjóðs

Verkefni	Flateyri	Ísafjörður	Suðureyri	Þingeyri	Kostnaður deild, áæ.
Rafmagn, vatn til endursólu	147.000	2.085.000	136.500	472.500	2.841.000
Hafnamannvirki og -lýsing	1.800.000	15.400.000	2.095.000	2.965.000	22.260.000
Leiðamerki	52.500	241.500	241.500	52.500	588.000
Salernisaðstaða	0	400.000	0	0	400.000
Hafnavernd og mengunarvarnir	50.000	891.000	50.000	50.000	1.041.000
Hafnsögubátur	0	1.568.000	0	0	1.568.000
Hafnarhús	0	1.260.000	0	0	1.260.000
Hafnarvogir	752.000	1.069.000	117.000	752.000	2.690.000
Bifreiðar og vélar	0	2.510.000	0	0	2.510.000
Hafnarskrifstofur	0	50.000	0	0	50.000
Samtals:	2.801.500	25.474.500	2.640.000	4.292.000	35.208.000


Tafla 19: Viðhald Hafnasjóðs 2025.



Graf 38: Þróun viðhalds Hafnasjóðs 2021-2025.

BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurbætur og Bolungarvíkurkaupstaður og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki á milli ára. Gestir safnsins (Smiðjan á Þingeyri ekki meðtalin) það sem af er árinu 2024 eru 15.880 en árið 2023 voru þeir 16.667. Eins og sést í grafi 39 eru gestirnir fyrst og fremst af skemmtiferðaskipum.



Graf 39: Þróun gestafjölda Byggðasafns Vestfjarða eftir hópum 2021-2024.

Starfsemi safnsins verður með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2025. Opnunartími verður frá miðjum maí til loka september. Opið verður frá kl. 10-17 alla daga vikunnar fram að 1. september en eftir það styttest opnunartíminn í kl. 11-15 til loka mánaðarins og eftir það opnað eftir beiðnum. Opnunartíminn er þó misjafn þar sem oft þarf að opna fyrir vegna skipa. Stefnt er á að hafa opið um páska, Veturnætur og jól og safnið verður áfram með móttöku skólahópa af öllum skólastigum. Gert er ráð fyrir örlítilli fjölgun gesta frá yfirstandandi ári og því áætlað að innkoma vegna aðgangseyris hækki. Áfram er unnið að því að auka úrval söluvarnings, meðal annars varnings sem tengist safninu. Áætlað er að aukning verði í innkaupum og sölu frá því sem nú er.

Sótt verður um styrki í ýmis verkefni, meðal annars á sviði faglegs safnastarfs en árið 2023 fékkst styrkur til breytinga á grunnsýningu sem mun ljúka árið 2025. Þá fengust styrkir í sýningar og safnakennslu en þeim verkefnum mun ljúka snemma árs 2025. Þá verður áfram unnið í að tryggja reglulega opnun Smiðjunnar á Þingeyri en ekki tókst að manna stöðu yfirsetufólks þar í sumar.

Þeir bátar safnsins sem eru sjóhæfir verða sjósettir í vor og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í áætlun. Einnig er gert ráð fyrir viðhaldi á þeim bátum og haldið áfram að leita styrkja í þá báta sem ekki eru sjóhæfir. Þrjú bátar fóru á flot þetta árið en unnið er í að koma vélinni í Eljuni ÍS í lag og vonumst við til að hún prýði Pollinn á næsta ári líkt og hefur verið með Gest frá Vigur og Jóhönnu ÍS. Á árinu 2023 var unnið í að meta báta safnsins til að fá raunsanna mynd af ástandinu og þeim kostnaði sem leggja þarf í. Unnið verður eftir þeirri áætlun árið 2025 hvað varðar styrkumsóknir.

Gætt verður aðhalds í rekstri safnsins eins og kostur er án þess að skerða þjónustu við gesti þess og íbúa á svæðinu.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármagnstekjur

Árið 2025 eru fjármunatekjur áætlaðar 115 m.kr. Þá er reiknað með að verðbólga verði 4%. Fjármunatekjur A-hluta eru 30,4 m.kr. en þar af eru vaxta- og verðbótatekjur af innri lánum Aðalsjóðs 30 m.kr. Við útreikninginn er miðað við 3,4% innri vexti. Fjármunatekjur B-hluta eru 85 m.kr. og vega fjármagnstekjur þar mest, vegna langtímakröfu hjúkrunarheimilisins Eyrar á ríkissjóð sem nema 83 m.kr. Þar af eru reiknaðar verðbótatekjur 40,5 m.kr. Varðandi aðrar vaxtatekjur er reiknað með að vanskil viðskiptavina verði sambærileg og fyrri ár og gert er ráð fyrir sambærilegum vaxtatekjum af innistæðum.

Tekjur af eignarhlutum

Ekki er gert ráð fyrir arði af eign bæjarins í Lánasjóði sveitarfélaga.

Vaxta- og verðbótagjöld

Við útreikning vaxta- og verðbótagjalda er reiknað með að verðbólga verði 4%. Áætluð fjármagnsgjöld eru 444 m.kr. á árinu 2025, 252 m.kr. vegna A-hluta og 192,5 m.kr. vegna B-hluta. Fjármagnsgjöld í A-hluta eru vegna Eignasjóðs 219 m.kr., og Aðalsjóðs 32,6 m.kr. Fjármagnsgjöld í B-hluta eru 110,2 m.kr. vegna Eyrar hjúkrunarheimilis, 47,3 m.kr. vegna Fasteigna Ísafjarðarbæjar og 35 m.kr. vegna Hafnasjóðs.

SAMREKSTRAREININGAR

Samkvæmt breytingu sem gerð var á [reglugerð nr. 1212/2015](#) um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga þurfa sveitarfélög nú að meðhöndla byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni sem veruleg áhrif geta haft í reikningsskilum sveitarfélaga á sama hátt og aðrar B-hluta stofnanir.

Á þetta við um: Fjórðungssamband Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Áætlanir þessara eininga hafa verið teknar með í fjárhagsáætlun bæjarins.

FJÁRFESTINGAR 2025-2028

Fjárfestingar árið 2025

Á árinu 2025 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar í A- og B-hluta nemi 980 m.kr. Fjárfestingar í A-hluta eru áætlaðar 380 m.kr. og í B-hluta 600 m.kr.

Verkefni	Áætlaður kostnaður	Endurgreiðslur	Fjárfesting	
Fjárfestingar A-hluta				
Eignasjóður				
Íþróttamannvirki	50.500	0	50.500	
Skólahúsnæði	60.000	0	60.000	
Ofanflóðamannvirki	500.000	-450.000	50.000	
Annað húsnæði	108.000	0	108.000	
Gatnakerfi	88.000	0	88.000	
Gatnagerðagjöld	-50.000	0	-50.000	
Opin svæði	8.000	0	8.000	
Bifreiðar, vélar, tæki	33.500	0	33.500	
Eignasjóður samtals	798.000	-450.000	348.000	
Þjónustumiðstöð				
Bifreiðar, vélar, tæki	32.000	0	32.000	
Þjónustumiðstöð samtals	32.000	0	32.000	
Samtals fjárfestingar A-hluta	830.000	-450.000	380.000	
Fjárfestingar B-hluta				
Hafnasjóður				
<i>Hafnir ÍS</i>	<i>458.000</i>	<i>0</i>	<i>458.000</i>	
<i>Hafnir SU</i>	<i>62.000</i>	<i>-37.500</i>	<i>24.500</i>	
<i>Hafnir PI</i>	<i>150.000</i>	<i>-112.500</i>	<i>37.500</i>	
<i>Hafnasjóður samtals</i>	<i>670.000</i>	<i>-150.000</i>	<i>520.000</i>	
Vatnsveita	60.000		60.000	
Þjónustuíbúðir	40.000	-93.000	-53.000	
Fráveita	101.000	-41.000	60.000	
Funi	13.000		13.000	
Samtals fjárfestingar B-hluta	884.000	-284.000	600.000	
Samtals fjárfestingar A- og B-hluta	1.714.000	-734.000	980.000	
Áætluð sala B-hluti				
	Söluverð	Bókfært verð	Staða lána	Söluhagnaður
Fasteignir Ísafjarðarbæjar	132.500	17.652	62.876	114.848

Tafla 20: Áætlaðar fjárfestingar árið 2025 í þ.kr.

Fjárfestingaráætlun 2025-2028

Fjárfestingar næstu fjögurra ára eru áætlaðar alls 3.860,0 m.kr. ef horft er til fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu þriggja þar á eftir.

Fjárfestingaráætlun	2025	2026	2027	2028
Fjárfestingar A-hluti				
Eignasjóður	348.000	510.000	538.000	370.000
Þjónustumiðstöð	32.000	40.000	22.000	10.000
Samtals fjárfesting A-hluti	380.000	550.000	560.000	380.000
Fjárfestingar B-hluti				
Hafnasjóður	520.000	310.000	230.000	450.000
Hafnir ÍS	458.000	270.000	205.000	450.000
Hafnir FL	0	0	25.000	0
Hafnir SU	24.500	7.500	0	0
Hafnir ÞI	37.500	32.500	0	0
Fráveita	60.000	7.600	100.000	90.000
Vatnsveita	60.000	80.000	70.000	40.000
Eyri	0	0	0	0
Þjónustuíbúðir	-53.000	0	0	0
Funi	13.000	12.400	0	0
Samtals fjárfesting B-hluti	600.000	410.000	400.000	580.000
Samtals fjárfesting A+B	980.000	960.000	960.000	960.000

Tafla 21: Áætlaðar fjárfestingar 2025-2028 í þ.kr.

VIÐHALD AÐALSJÓÐS

Áætlað viðhald aðalsjóðs fyrir árið 2025 er 87,7 m.kr. samanborið við 81,2 m.kr. í áætlun 2024 og 133,8 m.kr. í ársreikningi 2023.


Verkefni	Skýring	Áætlaður kostnaður á málaflokk	Sundurliðað viðhald
02 Velferðarsvið		717.000	
02150	Stuðningsþjónusta, viðhald bíla		60.000
02410	Félagstarf aldraðra, viðhald áhaldna		25.000
02540	Ferðaþjónusta fatlaðra, viðhald bíla		140.000
02580	Hvesta, tilfallandi viðhald bíls og húss		492.000
04 Fræðslumál		3.521.222	
04120	Sólborg		442.000
04140	Tangi		332.220
04160	Grænigarður		108.000
04180	Laufás		330.000
04190	Tjarnarbær		262.000
04210	Grunnskólinn á Ísafirði		911.001
04230	Mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði		61.000
04260	Grunnskóli Öndarfjarðar		130.000
04280	Grunnskólinn á Þingeyri		600.001
04290	Grunnskólinn á Suðureyri		345.000
05 Menningarmál		4.890.000	
05210	Safnahúsið		3.760.000
05410	Neðstikaupstaður, sameiginlegt		50.000
05450	Tjöruhúsið		900.000
05520	Útilistaverk		180.000
06 Æskulýðs- og íþróttamál		27.975.000	
06100	Opnir leikvöllir		1.000.000
06510	Íþróttahúsið Torfnesi		440.000
06520	Íþróttavallarhús Torfnesi		495.000
06550	Sundhöll Ísafjarðar		730.000
06560	Íþróttamiðstöð Flateyri		380.000
06580	Íþróttamiðstöð Þingeyri		960.000
06590	Íþróttamiðstöð Suðureyri		200.000
06610	Íþróttasvæði		370.000
06650	Skíðasvæði, gír Miðfelli, mótur í Sandfelli og byrjendalyftur, landmótun göngusvæðis		23.400.000
07 Brunamál og almannavarnir		5.925.000	
07210	Slökkvilið		675.000
07230	Brunahanar		1.400.000
07600	Rekstur bifreiða		3.850.000
08 Hreinlætismál		100.000	
08570	Dýraeftirlit		100.000
10 Umferðar- og öryggismál		30.335.000	
10310	Viðhald gatna		15.000.000

10530	Umferðarmerking		7.500.000
10560	Götunöfn og húsnúmer		300.000
10590	Götulýsing		5.000.000
10710	Almenningssamgöngur		2.535.000
11 Umhverfismál		5.100.000	
11210	Skrúður		1.000.000
11220	Almenningsgarðar		700.000
11410	Opin svæði		1.100.000
11510	Umhirða gatna		2.300.000
13 Atvinnumál		8.900.000	
13240	Fjárgirðingar		7.000.000
13250	Fjárréttir		200.000
13620	Tjaldsvæði Þingeyri		1.700.000
21 Sameiginlegur kostnaður		220.000	
21400	Bæjarskrifstofur		220.000
		87.683.222	87.683.222

Tafla 22: Áætlað viðhald aðalsjóðs Ísafjarðarbæjar 2025.

STÖÐUGILDI

Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir 338,6 stöðugildum og fjölgar um fimm frá áætlun 2024 með viðaukum.



Graf 40: Skipting stöðugilda eftir deildum í áætlun 2025.

Á velferðarsviði fækkar um 3,6 stöðugildi. Litlar breytingar eru á stöðugildum á öðrum sviðum nema hjá Hafnasjóði þar sem fjölgar um 5,0 stöðugildi.

	2022	2023	2024_mv	2025 áætlun
02 Velferðarsvið	61,6	55,7	61,2	57,6
04 Fræðslusvið	149,6	148,2	160,9	161,3
05 Menningarmál	7,6	7,4	7,8	7,9
06 Æskulýðs- og íþróttamál	24,9	23,6	27,6	31,0
07 Brunamál og almannavarnir	12,4	12,1	12,7	12,7
09 Skipulags- og byggingarmál	4,3	4,9	6,0	6,0
11 Umhverfismál	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Atvinnumál	2,2	1,0	0,5	0,0
21 Sameiginlegur kostnaður	15,0*	15,6*	19,4	18,7
31 Eignasjóður	0,0	0,0	0,0	0,0
33 Þjónustumiðstöð	9,5	9,6	10,4	11,0
41 Hafnasjóður	18,3	22,0	23,2	28,2
53 Þjónustuíbúðir	0,0	0,0	0,0	0,0
57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.	1,3	1,1	0,3	0,3
58 Byggðasafn Vestfjarða	3,4	3,0	3,5	3,8
	310,1	304,2	333,6	338,6

Tafla 23: Fjöldi stöðugilda hjá Ísafjarðarbæ 2022-2025.

*Án stöðugildaútreiknings veikindapotts.

ÁÆTLUN STYRKJA OG FRAMLAGA 2025

Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir 644 m.kr. í styrki og annað og 32,2 m.kr. í framlög til B-hluta. Hækkun á milli ára er því um 49,8 m.kr. sem skýrist að mestu leyti af framlögum á velferðarsviði. Sundurliðun er í töflu 23.

Deild	Nafn	Áætlun 2024_MV	Áætlun 2025
9711 LÖGBUNDIN FRAMLÖG — STYRKIR OG FRAMLÖG SAMKVÆMT LÖGUM			
02590	Framlag málefni fatlaðra til aðildarsveitarfélaga	142.090.551	208.960.000
02300	Umdæmaráð	800.000	850.000
02599	Útgjaldaframlag vegna Bjargs	1.000.000	1.000.000
02599	Útgjaldaframlag vegna Reykjadal	400.000	400.000
02599	Útgjaldaframlag vegna Tölvumiðstöðvar fatlaðra	130.000	130.000
02740	Orlofssjóður húsmæðra	420.000	600.000
03221	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	33.351.000	15.450.000
04200	Útgjaldaframlag vegna námsgagnasjóðs	720.000	700.000
04200	Útgjaldaframlag vegna endurmenntunarsjóðs grunnskóla	600.000	900.000
04520	Umferðarskólinn	100.000	104.000
21710	Fjórðungssamband Vestfirðinga	10.645.000	11.400.000
		190.256.551	240.494.000
9911 LANGTÍMAFRAMLÖG — STYRKIR OG FRAMLÖG MEÐ SAMNING 5 ÁR EÐA LENGUR			
04810	Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar	23.091.000	24.480.000
05550	Kómedíuleikhús	2.020.000	1.750.000
06820	HSV afnot af Íþróttamannvirkjum	71.093.118	69.312.000
11890	Styrkur Náttúrustofa Vestfjarða	6.200.000	6.840.000
41710	Styrkir Fjórðungsamband Vestfjarða — Markaðsstofa	4.060.000	4.350.000
		106.464.118	106.732.000
9921 ÖNNUR FRAMLÖG — STYRKIR OG FRAMLÖG 2-5 ÁR			
02890	Ýmsir styrkir, Vesturafl og fjölsmiðja	10.718.000	12.800.000
04410	Menntaskólinn á Ísafirði, FabLab	-	2.500.000
04510	Tónlistarskóli Ísafjarðar, samningur fasteignagjöld	2.600.000	2.690.000
04530	Lýðskólinn á Flateyri	432.480	449.779
05890	ÝS Fjórðungssamband Vestfirðinga, menningarráð	5.500.000	5.250.000
05890	ÝS Styrkur fasteignagjöld Verkalýðsfélag Vestfjarða (Bíó)	950.000	1.010.000
05890	ÝS Styrkur fasteignagjöld heiðursborgara	390.000	160.000
05890	ÝS Styrkur fasteignagjöld Edinborgarhúsið	3.950.000	4.300.000
05890	ÝS, Aldrei fór ég suður	1.500.000	1.700.000
05890	ÝS, ActAlone	700.000	700.000
05890	Ýmsir styrkir, hlaupahátíð	300.000	300.000
05890	Ýmsir styrkir, annað	1.010.000	-

06530	Líkamsræktarstöð ÍS	5.040.000	5.040.000
06650	Skíðasvæði	967.000	1.100.000
06670	Reiðvellir og reiðhallir	600.000	622.000
06680	Golfvellir	-	3.300.000
06820	HSV, rekstrarstyrkur	2.500.000	2.632.000
06820	HSV, þjálfarastyrkjasjóður	890.883	938.000
06820	HSV, afreksmannasjóður	1.781.766	1.876.000
06820	HSV, Íþróttaskóli	5.196.795	-
06890	Fossavatnsgangan	4.500.000	4.700.000
06890	Styrkur, fasteignagjöld Foreldrafélag skíðabarna	700.000	700.000
06890	Styrkur, fasteignagjöld Hollvínafélag Skíðheima	100.000	100.000
07410	Almannavarnir vegna samninga, fasteignagjöld Björgunarsveitir	2.700.000	2.830.000
11890	Umhverfismál, ýmsir styrkir Fjórdungssamband Vestfjarða	-	5.300.000
13890	Ýmsir styrkir (FabLab)	967.186	-
21790	Annað samstarf sveitarfélaga, stafrænt Ísland	1.700.000	1.300.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög (stjórnámálflokkar)	800.000	800.000
41710	Hafnarskrifstofur, björgunarbátasjóður	-	-
41710	Hafnarskrifstofur, hafnargjöld björgunarbátur	1.650.000	2.080.000
		58.144.110	65.177.779
9951 STYRKIR NEFNDA — STYRKIR OG FRAMLÖG			
02490	Félag eldri borgara, leiga, styrkur	4.522.000	4.522.000
02890	Velferðarsvið, ýmsir styrkir	1.000.000	1.400.000
04410	Menntaskólinn á Ísafirði, afreksbraut	-	1.900.000
05540	Bæjarlistamaður	200.000	300.000
05720	Aðrar hátíðir	900.000	100.000
05890	Ýmsir styrkir, menningarstyrkir	3.000.000	3.500.000
05890	Ýmsir styrkir vegna fasteignagjalda	760.000	1.000.000
05890	Ýmsir styrkir vegna flöggunar á hátíðum	50.000	205.000
05890	Ýmsir styrkir vegna þorablóta	390.000	-
06670	Reiðvellir og reiðhallir, fasteignagjöld	-	630.000
06680	Golfvellir, fasteignagjöld	-	100.000
06820	HSV íbúðir	10.174.074	10.139.000
06820	HSV styrkur	-	500.000
06820	HSV, uppbyggingasamningar	12.000.000	15.000.000
06890	Aðrir styrkir vegna fasteignagjalda	450.000	-
06890	Aðrir styrkir, afreksíþróttabraut MÍ	1.900.000	-
06890	Aðrir styrkir, íþróttamaður ársins	200.000	300.000
06890	Aksturstyrkur	800.000	800.000
06890	Aðrir styrkir, ýmislegt	698.000	-

09240	Fjórðungssamband Vestfirðinga, svæðisskipulag	2.618.241	5.800.000
11890	Ýmsir styrkir, Fjórðungssamband Vestfjarða (umhverfivottun)	2.634.108	-
13090	Atvinnumál, styrkur	200.000	-
13890	Styrkur vegna FabLab	4.932.000	-
13890	Ýmsir styrkir	100.000	-
21810	Ýmsir styrkir, Dux Scholae	50.000	50.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög, ýmislegt	1.000.000	-
		48.578.423	46.246.000
9952 STYRKARLÍNUR			
05890	Ýmsir styrkir	1.500.000	1.500.000
06890	Fristundastyrkir	-	10.000.000
21810	Ýmsir styrkir og framlög	20.000	150.000
		1.520.000	11.650.000
ANNAÐ			
02110	Fjárhagsaðstoð til framfærslu	19.050.000	17.850.000
02111	Fjárhagsaðstoð í forni heimildargreiðslna	900.000	963.440
02120	Móttaka flóttamanna	11.900.000	16.300.000
02150	Stuðningsþjónusta	0	13.116.737
02180	Sérstakur húsnæðisstuðningur	4.000.000	4.224.000
02190	Fasteignagjöld aldraðra og öryrkja	15.350.000	13.250.000
02310	Barnavernd, skrifstofa	0	400.000
02330	Kostnaður vegna fósturs utan heimilis	26.000.000	35.700.000
02350	Kostnaður vegna úrræða utan heimilis	230.000	2.080.030
02511	Stuðningur við fötluð börn	19.900.980	23.229.344
02550	Notendasamningar	75.325.860	84.156.886
02610	Áfengis- og vímuefnavarnir	540.000	540.000
04100	Leikskólar, niðurgreidd dagvistun	6.150.000	6.930.000
		179.346.840	218.740.437
Styrkir samtals samkvæmt sundurliðun		584.310.042	689.040.216

Tafla 24: Áætlaðir styrkir og annað 2024 og 2025.

MARKMIÐ Í FJÁRMÁLUM

Markmið Ísafjarðarbæjar í fjármálum							
	Rauntölur 2023	Áætlun m.v. 2024	Áætlun 2025	Markmið 2025	Markmið 2026	Markmið 2027	Markmið 2028
Rekstur og framlegð A-hluta							
Rekstrarjöfnuður 3ja ára	(839.733)	(84.232)	348.733	>0	>0	>0	>0
Framlegð	7,9%	9,1%	8,3%	>7,5%	>7,5%	>9,5%	>9,5%
Veltufé frá rekstri	11,3%	10,1%	9,7%	8,8%	>8,5%	>9,5%	>9,5%
Fjárfestingar							
Rekstrarjöfnuður 3ja ára	(387.110)	837.564	1.723.575	>0	>0	>0	>0
Framlegð	12,9%	17,6%	15,2%	>7,5%	>7,5%	>9,5%	>9,5%
Veltufé frá rekstri	14,4%	16,0%	14,1%	>8,5%	>8,5%	>9,5%	>9,5%
Fjárfestingar							
Hámark fjárfestinga A-hluta	284.028	350.000	380.000	400.000	450.000	450.000	460.000
Sala eigna í A- og B-hluta að frádr. áhvilandi lánum	83.729	100.000	132.500	100.000	<>	<>	<>
B-hluti — sjálfbær starfsemi án framlaga							
Hafnasjóður	226.468	176.180	492.796	>0	>0	>0	>0
Vatnsveita	(28.183)	(17.051)	(17.433)		>0	>0	>0
Þjónustufélag	7.693	9.408	10.392	>0	>0	>0	>0
Eyri	(32.598)	(11.161)	(6.308)				
Fasteignir Ísafjarðarbæjar	(48.991)	63.024	43.803	>0	>0	>0	>0
Fráveita	19.971	39.875	23.630	>0	>0	>0	>0
Funi	4.663	2.874	4.991	>0	>0	>0	>0
Byggðasafn Vestfjarða	(256)	(27.599)	(32.091)				
Efnahagur A-hluta							
Skuldahlutfall	121,8%	106,8%	98,9%	<110%	<110%	<110%	<110%
Skuldaviðmið	81,1%	72,1%	68,6%	<70%	<60%	<60%	<60%
Handbært fé	512.892	494.349	344.070	>240.000	>265.000	>265.000	>265.000
Veltufjárhlutfall	0,64	0,61	0,52	>0,6	>0,8	>1	>1
Afborganir í hlutfalli við framlegð	0,87	1,30	1,60	<1,0	<0,8	<0,7	<0,6
Efnahagur A- og B-hluta							
Skuldahlutfall	133,5%	111,6%	104,6%	<120%	<120%	<120%	<120%
Skuldaviðmið	86,5%	72,2%	68,5%	<80%	<80%	<80%	<80%
Veltufjárhlutfall	0,96	0,96	0,86	>0,9	>1,0	>1,2	>1,2

Tafla 25: Fjárhagsleg markmið Ísafjarðarbæjar í áætlunum 2024-2028 samanborin við rauntölur 2023.

